

SHALDÖR  
skoðun 12



SÉRBLAÐ  
í Fréttablaðinu  
Fólk



LESGLERAUGUN ÓPÖRF

Jóhannes Kári Kristinsson augnlæknir  
getur nú í fyrsta skipti lagað  
aldursbundna fjarsýni með nýrri tækni.

FÓLK



# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

26. júní 2012  
148. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt þeimtölukörnum Capacent Gallup júní - mars 2012



Með okkar augum

Verðlaunaþættir aftur á dagskrá.

tímamót 20

Föt fyrir hestafólk

Sigrún Lýðsdóttir hannar  
fatalínu sem er ætluð þeim  
sem stunda hestamennsku.

tíska 34




Snýst um hausinn

Spjótkastarinn Ásdís  
Hjálmsdóttir setur markið á  
úrslit á EM í Helsinki.

sport 30

veðrið í dag



HÆGVIDRI Í dag verður hæg  
breytileg átt eða hafgola. Skýjað  
með köflum og stöku skúrir  
einkum inn til landsins. Hiti 8-18  
stig, hlýjast S-til.

VEÐUR 4



Í HÆSTU HÆÐUM

Hann er tæpast lofthæddur, glugga-  
þvottamaðurinn sem hékk utan á turninum við Höfðatorg í gær og sá til  
þess að þeir sem inni voru hafi óheft útsýni yfir borgina. Turninn er heilar  
nítján hæðir og sjöttu metra há. Þegar ljósmyndari Fréttablaðsins leit við  
var þvottamaðurinn þó ekki ofar en á elleftu hæð – og þætti þó eflaust  
flestum nóg um.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Þörf fyrir tvö stór hótél á ári

Gistirýmum í Reykjavík þarf að fjölga mikið til 2030. Fjölga þarf um eina Hótel Sögu á ári miðað við neðri mörk. Samkvæmt efri mörkum þarf að byggja tvær.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Verði árleg fjölgun ferðamanna á bilinu fimm til sjö prósent á næstu árum mun gistirýmum í Reykjavík þurfa að fjölga um 180 til 380 á hverju ári. Alls gæti því þurft 3.600 til 7.500 ný herbergi á gististöðum fram til ársins 2030. Þetta kemur fram í drögum að greinargerð fyrir þörf á gistirými í Reykjavík á árunum 2012 til 2030 sem VSÓ Ráðgjöf hefur unnið fyrir skipulags- og byggingarsvið borgarinnar.

Er þá miðað við að ársnýting gistirýma sé á bilinu 44 til 45 prósent. Greinargerðin verður lögð fram í borgarráði á fimmtudag. Gangi þessi spá eftir þarf að byggja eitt til tvö hótél á stærð við Hótel Sögu, sem hefur 203 herbergi, á ári fram til 2030 til að anna eftirspurn.

Fjöldi ferðamanna sem heim-sækja Ísland hefur fjórfaldast á tveimur áratugum. Í fyrra fjölgaði þeim um 15,6 prósent frá árinu 2010. Þorri ferðamanna sem hingað til lands kemur dvelur að minnsta kosti hluta ferðar sinnar í Reykjavík. Því ákvað borgin á láta greina þörfina á auknu gistirými næstu tæpu tvo áratuginna.

Við vinnslu greinargerðarinnar kortlagði VSÓ Ráðgjöf alla gisti-staði í virkum rekstri á öllu höf-uðborgarsvæðinu ásamt upplýs-ingum um fjölda rúma, herbergja, upplýsingum um rekstrarleyfi, stjórngjöld og stærð húsnæðis eftir föngum. Út frá þessum þátt-um var lagt mat á stöðu mála í dag og sett fram greining á þörf á gistirými fram til ársins 2030 miðað við einfaldar framreikn-ingsaðferðir.

Helstu niðurstöður eru þær að á höfuðborgarsvæðinu eru alls 182 gististaðir í rekstri. Þar af eru 167 í Reykjavík og 114 þeirra eru í mið-borg hennar. Af gististöðum sem eru í rekstri eru 145 gistiheimili eða íbúðahótel en 37 eru hótél eða hostel. Þorri rúma er hins vegar á hótélum borgarinnar, eða 63 pró-sent þeirra.

Síðustu tvo áratugi hefur ferða-mönnum sem koma til Íslands fjölgað um 6,3 prósent að meðaltali á ári. Í greiningu VSÓ segir að ef árleg fjölgun ferðamanna verði á bilinu fimm til sjö prósent fram til ársins 2030 muni þurfa 180 til 380 ný hótélherbergi á ári til að anna þeirri eftirspurn. - þsj / sjá bls. 6

Hætta þurfti við nefndarfundum um rammaáætlun:

## Vildu ekki mæta á fund

**ALÞINGI** Stjórnarandstaðan neitaði að mæta á fundi í umhverfis- og samgöngunefnd og atvinnuvega-nefnd Alþingis. Fyrirhugað var að funda í gær og fram eftir vik-  
unni, en þingmenn sögðu komið sumarfrí og því varð að hætta við fundina.

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir að

samið hafi verið um málsmeð-ferð rammaáætlunar við þinglok. Þegar málið komi aftur inn í þing í haust verði litið svo á að fyrsta umferð sé búin og það gangi beint til nefndar. Næg tækifæri hafi gefist til að funda um málið áður en þingi var frestað og því skjóti skökku við að gera það nú.

- kóp / sjá síðu 4

Aspirin  
Actavis

– fæst án lyfseðils  
í apótekum



actavis

Norskur maður sagður hafa fengið þjálfun í hryðjuverkum af al-Kaída í Jemen:

## Bíður fyrirmæla um skotmark

**NOREGUR, AP** Norskur karlmaður sem fengið hefur þjálfun hjá al-Kaída-hryðjuverkanetinu í Jemen bíður þess nú að fá fyrirmæli um hvar hann eigi að gera árás. Er óttast að hann geti látið til skaras skríða í einhverju vestrænu landi á næstunni.

Þetta hefur AP-fréttastofan eftir heimildarmönnum sínum úr þremur evrópskum leyniþjónustum.

„Við reiknum með því að mað-

urinn sé virkur hryðjuverka-maður og að hann sé sennilega í þann mund að fá fyrirmæli um væntanlegt skotmark,“ segir einn heimildarmannanna. Hann sagði skotmark Norðmannsins nær örugglega á Vesturlöndum.

Maðurinn er sagður milli tvítugs og þrítugs. Ólíkt mörgum öðrum sem fengið hafa þjálfun í hryðjuverkum hjá útsendurum al-Kaída er hann ekki ættaður frá

Mið-Austurlöndum eða norðan-verðri Afríku heldur af norskum ættum. Hann er talinn hafa gengið til liðs við hryðjuverkamenn eftir að hann snerist til íslamstrúar.

Heimildarmenn AP vildu ekki upplýsa um möguleg viðbrögð við þeirri ógn sem talin er stafa af manninum, en þeir benda á að leyniþjónustur Vesturlanda hafi alla þá samvinnu sem þurfi til að verjast hryðjuverkaógn. - bj

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

SIGRAR **ÁSTIN** ALLT?

LEIÐIN TIL  
HOLLUSTU



Skyr.is drykkirnir standast þær ströngu kröfur sem gerðar eru til matvæla sem merktar eru Skráargatinu. Þú getur treyst á hollustu Skyr.is.



www.skyr.is



## SPURNING DAGSINS



Signý, ertu að slá í gegn?

„Nei, ég læt bara kylfu ráða kasti.“

Signý Arnórsdóttir, kylfingur í Keili, er nýbakaður Íslandsmeistari í holukeppni í golfi.

## Karl Sigurbjörnsson, biskup: Norska kirkjan hliðstæð okkar

**KIRKJAN** Karl Sigurbjörnsson biskup, gerði framtíð þjóðkirkjunnar að umtalsefni er hann setti prestastefnu í gær.

Karl sagði að í Noregi hafi orðið grundvallarbreyting á stöðu kirkjunnar eftir að fyrirsjáanlegt var að ríki og kirkja myndu skilja. Þingið komst að samkomulagi um nýtt stjórnarskrárkvæði. Það skilgreinir hina evangelísk lútersku kirkju sem þjóðkirkju sem njóti stuðnings ríkisins. Jafnframt er trú- og lífsskoðunarfélögum heitinn stuðningur ríkisvaldsins.

„Eftir þessa stjórnarskrár-breytingu er staða norsku kirkjunnar hliðstæð þeirri íslensku í meginatriðum,“ sagði Karl.



KARL SIGURBJÖRNSSON

Spánn þarf neyðaraðstoð:

## Taldir þurfa 100 milljarða

**SPÁNN** Spánverjar óskuðu í gær eftir neyðaraðstoð frá Evrópusambandinu til að bjarga bankakerfi landsins frá hruni.

Sérfræðingar telja að Spánverjar þurfi hundrað milljarða evra til að halda bankakerfinu á floti eða sem nemur um sextán þúsund milljörðum króna.

Efnahagsmálaráðherra Spánar sendi formlega beiðni um neyðarlán til Jean Claude Junckers, formanns Evruhópsins í morgun, en í bréfinu er ekki farið fram á ákveðna upphæð. Spánverjar vonast til þess að hægt verði að ganga frá láninu í byrjun næsta mánaðar en sjálfir telja þeir að sextíu milljarðar evra muni duga til að bjarga bankakerfinu.

Frambjóðendur til forsetaembættisins hafa safnað frá 26.000 krónum til 12 milljóna króna til kynningar:

## Þóra og Ólafur hafa úr langmestu að spila

**FORSETAKOSNINGAR** Heildarkostnaður framboðs Ólafs Ragnars Grímssonar í gær nam 3,6 milljónum króna. Tvær milljónir lagði hann sjálfur fram, en tuttugu einstaklingar og tveir rekstraraðilar hafa lagt framboðinu lið með tveggja milljóna króna framlagi samtals. Ólafur áætlað að kostnaður framboðsins verði allt að fimm milljónir króna.

Framboð Þóru Arnórsdóttur hefur aflað á tólfstu milljón króna. Þeir fjármunir höfðu borist framboðinu að langstærstum hluta frá einstaklingum. Ekki er

sundurliðað á heimasíðu framboðsins hvernig fjármunum hefur verið varið til þessa.

Þær upplýsingar fengust frá framboði Ara Trausta Guðmundssonar að framlög Guðmundssonar að framlög rúmlega 900 þúsund krónur, að langmestu leyti frá einstaklingum. Þessum fjármunum hefur verið varið til gerðar kynningarefnis og til ferðalaga.

Herdís Þorgeirsdóttir birtir öll framlög á heimasíðu sinni. Hinn 20. júní höfðu safnast rúmlega 500 þúsund krónur frá rúmlega tuttugu einstaklingum.

Andrea Ólafsdóttir hefur fengið fjárstuðning frá tveimur einstaklingum að upphæð 26 þúsund krónur, sem nýttar verða til að „greiða fyrir kostnað við lén og hýsingu heimasíðu og bensín,“ eins og segir á heimasíðu Andreu.

Hannes Bjarnason hefur lýst því yfir í kosningabaráttunni að hann muni ekki verja neinum fjármunum til auglýsinga. Hann hefur því ekki tekið við framlögum, að því er næst verður komist.

- shá



BESSASTAÐIR Kosningar til embættis forseta Íslands fara fram 30. júní næstkomandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fundu lítinn yrðling og tóku hann í fóstur

Lítinn yrðling rak á fjörur fjölskyldu í Vogunum. Fjölskyldan ákvað að taka yrðlinginn í fóstur og hefur hann dvalið hjá þeim í ellefu daga. Óvíst er hvort fjölskyldan geti annast yrðlinginn til frambúðar, en fyrir á hún nokkra hunda.

**DÝRALÍF** „Mamma var að keyra Ströndina og sá eitthvað hreyfast á veginum. Hún ákvað að kíkja á þetta og sá að þetta var yrðlingur.“

Hún ákvað svo að keyra í burtu og koma eftir korter, því ef hann ætti mömmu myndi hún sækja hann. Svo komum við aftur og þá var hann enn þá þarna,“ segir Thelma Dögg Freysdóttir. Hún hefur ásamt fjölskyldu sinni tekið yrðlinginn í fóstur.

„Við gátum ekki skilið hann eftir. Við vorkenndum honum, greyinu. Þannig að við tókum hann að okkur og hann er hérna enn,“ segir Thelma en fjölskyldan hefur gefið yrðlingnum nafnið Úlfur.

Thelma segir að þau hafi frétt af veiðimanni sem hafi skotið töfu degi áður en þau fundu yrðlinginn. Það hafi líklegast verið móðirin.

Annar yrðlingur fannst svo þremur dögum seinna. Hann var mjög vannærður og er nú í fóstri á öðru heimili.

Thelma segir að yrðlingurinn þeirra hafi ekki verið í góðum holdum þegar hann fannst og hafi verið svangur.

„Við fórum strax með hann heim og gáfum honum hakk. Núna gefum við honum blautan kattamat og hakk. Svo drekkur hann kaffirjóma með eggjum út í.“

Yrðlingnum hefur verið úthlutað hundabúri, en fyrir á fjölskyldan nokkra hunda. Thelma segir sambúðina við hundana ganga vel.

„Þeir leika sér bara saman í rauninni. Hann er enn svo lítill.“

Rósa Kristín Jensdóttir, móðir Thelmu, segist ekki vita hvort fjölskyldan geti séð um yrðlinginn til frambúðar.

„Ég veit ekki hvort það er snið-



YRÐLINGUR Í FÓSTRI Thelma Dögg er alsæl með yrðlinginn. Hún fer stundum með hann út í bandi og segist þá vekja mikla athygli.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hann er algjört krútt og bræðir mann

alveg.

THELMA DÖGG FREYSDÓTTIR

ugt að hafa hann með hundunum. Ég á eftir að fara með hann inn í Húsdýragarð og sýna þeim hann. Ég held að hann muni eiga lengsta og besta lífið þar.“

Rósa hefur þó kynnt sér yrð-

lingauppeldi. „Ég hef lesið mér til á netinu og fólk hefur alið yrðlinga upp. Það er gert með svipudum hætti og gert er við hunda. Það hefur bara gengið ágætlega. En þetta eru náttúrulega rándýr og grimm að eðlisfari, þannig að maður gæti alveg orðið fyrir biti,“ segir Rósa.

Thelma er þó hæstánægð með nýju viðbótina á heimilinu.

„Hann er algjört krútt og bræðir mann alveg.“

katrin@frettabladid.is

Lést í Landmannalaugum:

## Ferðamaður á þrítugsaldri lést

**LÖGREGLUMÁL** Erlendur ferðamaður á þrítugsaldri lést í tjaldi við Landmannalaugar aðfaranótt mánudags.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Hvolsvelli var maðurinn á ferðalagi með þremur vinum sínum á Íslandi. Hann veiktist skyndilega um nóttina og hringdu félagar hans eftir aðstoð um leið. Þegar Landhelgisgæslan kom á staðinn var hann látinn og var lík hans flutt til Reykjavíkur. Ekki er vitað hvernig maðurinn lést en talið er að um skyndileg veikindi hafi verið að ræða. Mennirnir fjórir höfðu verið allsgáðir.

- sv

Evrópuráðið ræðir kreppuna:

## Lýsir aðgerðum hér á Íslandi

**UTANRÍKISMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, tekur í dag þátt í sérstakri umræðu á þingmanna-fundi Evrópuráðsins um banka- og efnahagskreppuna í Evrópu.

Fjallar hann um stefnu-mörkun og ráðstafanir sem gripid hefur verið til hér á landi til að bregðast við fjármálahruninu og árangur í þeim efnunum.

Í umræðunni í Evrópuráðinu verður sjónum meðal annars beint að því hvort í niðurskurði ríkisútgjalda felist ógn gagnvart lýðræðinu og félagslegum réttindum og hvort hagsmunir þeirrar kynslóðar sem nú er að vaxa úr grasi verði fyrir borð bornir.

- shá



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Tveir pólskir menn fundnir sekir um að skipuleggja og fremja rán:

## Í fimm ára fangelsi fyrir úrarán

**DÓMSMÁL** Tveir mennanna sem rændu verslun úrsmíðsins Franks Michelsen í fyrrihaust hafa verið dæmdir í fimm ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Mennirnir, Grzegorz Marcin Novak og Pawel Jerzy Podburaczynski, ruddust við þriðja mann inn í verslunina í október síðastliðnum. Þeir voru vopnaðir gerviskammbyssum, hótuðu starfsfólki ofbeldi og rændu tugum fókdyrra úra.

Mennirnir stungu af úr landi en voru handteknir í Sviss í febrúar og framseldir til Íslands. Þriðji maðurinn er enn í Póllandi.

Fjórdi maðurinn, Marcin Tomasz Lech, situr þegar inni vegna ránsins. Hann ók flóttabílum og var handtekinn hér á landi skömmu eftir ránið. Hann hlaut einnig fimm ára fangelsisdóm.

Í dómnum yfir mönnunum tveimur kemur fram að fjórmenningarnir hafi komið til landsins gagnert og aðeins til að stela úrum og hafi skipulagt ránið í sameiningu í Póllandi áður en þeir héldu hingað.

Tvímennningarnir eru dæmdir til að greiða VÍS á fimmtánda milljón króna í bætur vegna úranna sem



PAULSKIPULAGÐIR Mennirnir tveir játuðu fyrir dómi að hafa framið ránið en neituðu að hafa skipulagt það. Það hafi Marcin Tomasz Lech gert.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þeir stálu. Þá er skaðabótaskylda þeirra gagnvart starfsmönnum verslunarinnar einnig viðurkennd.

- sh

## Ryksuga

VS 06G2001

Kröftug 2000 W ryksuga með 4 lítra slitsterkum poka. Vinnuradius 10 metrar.



SIEMENS

Tilboðsverð:  
23.900 kr. stgr.  
(fullt verð: 28.900 kr.)

SMITH &amp; NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is

# HAUSTFLUG Á SJÓÐHEITU VERÐI!

LONDON / KAUPMANNAHÖFN / PARÍS / BERLÍN FRÁ:

# 13.900 KR.\*

**24**  
TÍMA TILBOÐ  
- hefst á hádegi -



**ÚT MEÐ  
HÓPINN!**

Sendu okkur línu á  
hopar@icelandexpress.is  
og fáðu tilboð fyrir  
hópinn þinn.

Í dag býður Iceland Express flugsæti í haust á frábæru tilboðsverði, frá 13.900 kr. aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

Þú bókar á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

\*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.

**Bókunartímabil:** Í dag frá kl. 12.00 til kl. 12.00 á morgun

**Áfangastaðir:** London, Kaupmannahöfn, París og Berlín

**Ferðatímabil:** 20. ágúst til 31. október 2012

**Iceland Express**

- lækkar verð



## BARCELONA

14.-17. SEPTEMBER



BORGARFERÐ MEÐ HELGA BJÖRNS

Verð á mann í tvíbýli

**109.900 KR.**

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Hotel Condado ásamt morgunverði. Íslensk fararstjórn.

## PARÍS

23.-27. ÁGÚST



SÆLKERAFERÐ MEÐ HALLDÓRI E. LAXNESS

Verð á mann í tvíbýli

**125.900 KR.**

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Hotel André Latin með morgunverði, akstur til og frá flugvelli, skoðunarferðir (nema með áætlanarbíl) og íslensk fararstjórn.

## PRAG

22.-29. ÁGÚST



MENNINGAR- OG SKEMMTIFERÐ  
MEÐ BERKI GUNNARS

Verð á mann í tvíbýli

**129.900 KR.**

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 4\* hóteli ásamt morgunverði. Íslensk fararstjórn.

**Express ferðir**

590 0100 | [www.expressferdir.is](http://www.expressferdir.is)



## GENGIÐ 25.06.2012

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	126,21	126,81
Sterlingspund	196,29	197,25
Evra	157,53	158,41
Dönsk króna	21,190	21,314
Norsk króna	21,014	21,138
Sænsk króna	17,874	17,978
Japanskt jen	1,5790	1,5882

SDR 190,75 191,89

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

218,6836

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**HÆSTIRÉTTURINN** Dómurinn klofnaði í málinu. Þeir frjálslyndari höfðu betur, fjórir gegn þremur. MYND/STÓÐ 2

Réttarbót fyrir börn vestra:

## Dómarar mega líta til aldurs

**BANDARÍKIN, AP** Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur bannað alla löggjöf sem kveður á um refsingu án tillits til þess hvort sá brotlegi er lögráða eða ekki.

Í sumum ríkjum landsins hefur öllum sakhæfum brotamönnum verið refsad á sama hátt þegar þeir fremja alvarlegustu afbrotin, með lífstíðarfangelsi án möguleika á reynslulausn. Þetta hefur átt við allt niður í fjórtán ára börn.

Nú hefur hæstirétturinn, með fjórum atkvæðum gegn þremur, lagt blátt bann við þessu og skyldað ríki til að leyfa dómurum að taka tillit til aldurs sakamannsins. - sh

## LEIÐRÉTT

Rangt var farið með nafn viðmælanda í frétt blaðsins á síðu tvö í gær. Bræðurnir sem björguðu kafara úr lífsháska við Hjalteyrri á laugardag heita Valdimar og Óskar Axelssynir.

Í dálkinum „Veistu svarið?“ í gær var Rakei Dögg Bragadóttir ranglega sögð fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í handbolta. Fyrirliði liðsins er Hrafnhildur Ósk Skúladóttir.

Margir nýta sér möguleikann á að kjósa utan kjörfundar fyrir forsetakosningarnar á komandi laugardag:

# Aldrei fleiri kosið utan kjörfundar og nú

**FORSETAKOSNINGAR** Metaðsókn er á kjörstaði utankjörfundaratkvæðagreiðslu í Reykjavík. Nú þegar hafa rúmlega 10.000 atkvæðiborist kjörstjórn í Reykjavík. Þetta staðfesti Bergþóra Sigmundsdóttir, kjörstjóri hjá Sýslumanninum í Reykjavík, í gær.

„Þetta er einum þriðja meira en áður hefur verið,“ segir Bergþóra. „Hluti skýringarinnar liggur í því að nú er kosið á hásumartíma. Fólk virðist líta á utankjörfundaratkvæðagreiðslu sem einn valkost í atkvæðagreiðslunni. Fólk kemur og kys þó það sé ekki að fara út úr bænum. Hér áður fyrr var þetta auðvitað ekki þannig. Þá þurfti jafnvel að sýna farseðil ef fólk væri að fara til útlanda.“

Í Icesave-kosningunum árið 2011 var metaðsókn í utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Bergþóra segir að það muni ráðast í vikunni hvort metið falli. Nú þegar er aðsóknin betri.

Rúmlega eitt þúsund atkvæði hafa borist í pósti erlendis frá og telur Bergþóra að fleiri atkvæði eigi eftir að berast þaðan. Hægt er að greiða atkvæði erlendis með því að póstleggja seðilinn. Kjósandi ber þó ábyrgð á því að hann komist á pósthús á Íslandi í tæka tíð. „Við sækjum atkvæði upp á pósthús alveg fram á laugardag. Við gerum allt til að sjá til þess að atkvæði sem berast til landsins komist til okkar.“

- bþ



**FULLT ÚT ÚR DYRUM** Mikil aðsókn er í atkvæðagreiðslu utankjörfundar í Laugardalshöll. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Þurfti að slá fundi af vegna mætingar

Hætt var við fundi í tveimur þingnefndum í gær um rammaáætlun því þingmenn sögðust komnir í sumarfrí. Dæmi um flautursgang ríkisstjórnar segir þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Slæpingjaháttur segir þingmaður VG.

**ALÞINGI** Hætta þurfti við fundi í umhverfis- og samgöngunefnd og atvinnuveganefnd Alþingis í gær þar sem þingmenn stjórnarandstöðunnar sögðust komnir í sumafrí. Aðeins tveir nefndarfundir hafa verið haldnir síðan þingi var frestað 19. júní.

Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, segir að fundi hafi átt með gestum um rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Stjórnarandstaðan hafi hins vegar sagst hafa verið komin í frí og neitað að mæta og sinna sínum störfum. Vinnan frestist því fram á haustið.

„Það er úr vöndu að ráða ef menn bara stræka. Þú sendir ekki skipið á sjó ef það mætir bara önnur vaktin.“

Björn Valur bendir á að samkvæmt þingsköpum séu lögbundin sumarfrí Alþingis frá 1. júlí til 10. ágúst og enn lífi af júní. „Þeir eru bara farnir að slæpast og vilja ekki vera með. Þeir hafa kannski sprengt sig á lokasprettinum og eru núna heima að púsla. Það þarf að gefa þeim hafragraut og lýsi á morgnana og athuga hvort Eyjólfur hressist ekki.“

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir málið dæmigert fyrir flautursgang ríkisstjórnarinnar. Ekkert hafi verið fundað í atvinnuveganefnd um áætlunina síðustu þrjár vikur þingsins. Ástæðan sé ágreiningur milli stjórnarflokkanna. Samið hafi verið um aðdrif málsins samhliða þinglokum. Það hafi því komið á óvart að þessi vika hafi verið ætluð í nefndarfundum.



**HLÝTT Á UMRÆÐUR** Þingmaður Sjálfstæðisflokksins segir deilur innan ríkisstjórnarflokka ástæðuna fyrir því að ekki var fundað um rammaáætlun í þingnefnd síðustu þrjár þingvikurnar. Björn Valur Gíslason, sem hlýðir hér á umræður á þingi, segir menn neita að vinna vinnuna sína. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

### Frí í júlí og ágúst

„Það er annríki í þinginu og hjá þingmönnum á sumrin. Það er mælt til þess að þeir reyni að taka sér frí frá 1. júlí til 10. ágúst og það gera starfsmenn.“

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku.

„Á þeim tíma voru menn náttúrulega búnir að gera ráðstafanir með sumarleyfi og annað, sumir komnir til útlanda og slíkt, þannig að við töldum þetta bara ekki boðlegt.“

Jón segir tilgangslausi að fundi um málið, það verði að leggja fram að nýju í haust og vinna með gestum nú hefði því farið forgörðum.

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur skilning á því að illa hafi gengið að manna fundi. „Þingmenn eru komnir í langþráð sumarfrí eftir harða vinnutörn undanfarna þriggja ára. Þeir eru horfnir til sinna fjölskyldna og annarra starfa í kjördæmunum.“

Í samningum um þinglok felst að þegar rammaáætlun kemur aftur fyrir þing í haust er litið svo á að fyrstu umræðu sé lokið, þar sem um málið var rætt á nýyfirstöðnu þingi. kolbeinn@frettabladid.is

Fimmta ríkið óskar aðstoðar:

## Kýpur óskar eftir neyðarláni

**KÝPUR, AP** Kýpur varð í gær fimmta ríkið á evrusvæðinu til að óska neyðarlans frá betur stæðari ríkjum í Evrópusambandinu. Meginástæða þess að Kýpur er svo illa státt sem raun ber vitni er tap vegna lána til Grikkja.

Stjórnvöld á Kýpur hafa ekki gefið upp hversu mikið fé landið þarf að taka að láni, en talsmenn stjórnvalda segja það verkefni víðræðna næstu daga. Leiðtogar Evrópuríkja hittast til skrafs og ráðagerða í lok vikunnar.

Fréttaskýrendur telja að Kýpur þurfi að lágmarki fimm til sjö milljarða evra. Þeir svartsýnustu telja töluna nær tíu milljörðum evra. - shá

Svindlið á N1 skákmótinu:

## Pabbinn í bann en stráksi slapp

**SKÁK** Kristian Stuvik Holm, einn sterkasti skákmaður heims í unglingaflokki, hefur verið sýknaður af norskum skákdómstóli en faðir hans var dæmdur í eins árs bann. Tílefnið var svindmál þeirra feðga á N1 Reykjavíkurskákamótinu þar sem faðirinn er talinn hafa aðstoðað son sinn með hjálp skákforrits í farsíma.

Rökin fyrir því að dæma föðurinn í bann voru þau að finna mátti stöðu í skák sonarins í síma mannsins. Þá var stuðst við framburð vitna sem sögðust hafa séð föðurinn koma skilaboðum til sonarins.

Holm var dæmt tap í síðustu skákinni og var hann sviptur verðlaunum fyrir bestan árangur ungmenna á mótinu, eins og segir frá á skak.is og á Nettavisen.

Feðgarnir geta annað hvort áfrýjað málinu til norskra dómstóla eða til FIDE. - shá

## Kort af Íslandi

Úrval af veggkortum

Allt að  
**45%**  
afsláttur

Frábær  
**Tilboð**  
Veggkort  
Ýmsar stærðir

Brautarholti 8 / 105 Reykjavík / 517 7210 / www.ferdakort.is

## VEÐURSPÁ

**Elisabet Margeirsdóttir**  
veður-fréttamaður

**RÓLEGHEIT** Veður verður nokkuð svipað áfram næstu daga en hann snýr sér í norðlæga átt á morgun og þykkar upp syðra. Hitinn enn með ágætum og má búast við 18°C í innsveitum syðra.

Á MORGUN 3-8 m/s. FIMMTUDAGUR 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

Alicante	30°
Basel	27°
Berlín	14°
Billund	18°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	23°
Gautaborg	17°
Kaupmannahöfn	17°
Las Palmas	30°
London	21°
Mallorca	30°
New York	23°
Orlando	28°
Ósló	20°
París	24°
San Francisco	20°
Stokkhólmur	16°

Vindhraði er í m/s. Hitastig er í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# Almería

ÓTRÚLEGT VERÐ  
Í SÓLARFERÐ!

BROTTFÖR: 3. JÚLÍ  
BÓKAÐU NÚNA!  
TAKMARKAÐ  
SÆTAMAGN Á  
ÞESSU VERÐI!



VIKA Á 3 STJÖRNU HÓTELI

VERÐ FRÁ:

**69.900 kr\***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í viku á Pierre Vacances í íbúð með 2 svefnherbergjum. Verð frá 98.800 kr m.v. 2 fullorðna. Brottför 3. júlí.

eða



VIKA Á 4 STJÖRNU HÓTELI  
MEÐ HÁLFU FÆÐI

VERÐ FRÁ:

**79.900 kr\***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn Hótel Neptuno í íbúð með einu svefnherbergi og hálfu fæði (morgun- og kvöldmatur). Verð frá 106.616 kr m.v. 2 fullorðna. Brottför 3. júlí

**plús**  
FERÐIR

[www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)



PLÚSFERÐIR - Sími 535 2100 - [info@plusferdir.is](mailto:info@plusferdir.is)

\* Innifalið: Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**KJÖRKASSINN**

Er bíllinn þinn ellefu ára eða eldri?

**JÁ** 43,5%

**NEI** 56,5%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Kemur „grænn bíll“ til greina við næstu bílakaup?

Segðu skoðun þína á [visir.is](#)



**EFTIRLIT** Gæslan hefur nýtt léttan bát á Breiðafirði við eftirlit. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjö verið sviptir veiðileyfi:

## 56 brotamál við eftirlit á sjó

**SIÁVARÚTVEGUR** Fiskistofa hefur haldið uppi öflugum eftirliti með bátum sem stundað hafa grásleppuveiðir á yfirstandandi vertíð. Fiskistofa nauð samstarfs við Landhelgisgæslu Íslands við veiðieftirlit í Breiðafirði á slöngu-bátum Flóka. Það samstarf stóð í þrettán daga frá maí og fram í júní og var farið um borð í 39 grásleppubáta og ellefu strandveiðibáta.

Pegar hafa sjö bátar verið sviptir veiðileyfi vegna brota. Fjögur mál hafa verið kærð til lögreglu, þar af tvö af Landhelgisgæslunni. Á tímabilinu hafa komið upp alls 56 brotamál. Um 29 mál eru enn í vinnslu og 27 er lokið. - shá

Innanríkisráðuneytið:

## Fyrst til að leiðrétta launamun

**MANNRÉTTINDI** Innanríkisráðuneytið hefur ákveðið að leiðrétta kynbundinn launamun í ráðuneytinu en við jafnlaunaúttekt kom í ljós 2,5% óútskýrður launamunur meðal sérfræðinga ráðuneytisins.

Þetta er í fyrsta sinn sem fram fer jafnlaunaúttekt í Stjórnarráðinu. Við könnun í innanríkisráðuneytinu kom í ljós að kynbundinn launamunur milli kvenna og karla í sérfræðingsstöðum var allt að 3,6%. Að teknu tilliti til menntunar, starfsaldurs og reynslu var óútskýrður launamunur 2,5%. Ekki kom fram launamunur varðandi fasta yfirvinnu. - shá

Evrópuþingið ályktar um hert eftirlit með læknavörum og strangari öryggiskröfur vegna brjóstapúðamáls:

# Evrópa skal bregðast við vegna PIP-málsins

**HEILBRIGÐISMÁL** Nauðsynlegt er að innleiða kerfi í Evrópu sem miðar að því að lækn-ingatæki eins og gangráður, brjóstapúðar og mjaðmarliðir fái ekki markaðsleyfi nema þau verði rannsökuð mjög ítarlega, rétt eins og lyf.

Þetta er mat Evrópsku neytendasamtakanna, sem hvetja Evrópuþingið til að láta innleiða slíkt kerfi í ljósi PIP-málsins.

Evrópuþingið ályktaði í síðustu viku að brýnt sé að koma á skráningarkerfi yfir þær konur sem fá brjóstapúða, strangari öryggiskröfur og betri rekjanleika vörunnar til að koma í veg fyrir að mál eins og PIP-hneykslið endurtaki sig.

Neytendasamtökin greina frá því að Moni-

que Goyens, formaður Evrópsku neytendasamtakanna, telji að heilbrigðisfyrvöldum um alla Evrópu hafi mistekist að veita samræmdar upplýsingar um það hvernig ætti að bregðast við ónýtum PIP-brjóstapúðum. Sum ríkin ráðlögðu eftirlit en önnur töldu vænlegast að fjarlægja púðana. Slíkt hafi skapað óvissu og áhyggjur hjá þúsundum kvenna.

Fram kom á þinginu að um 400 þúsund konur um allan heim hafa fengið PIP-púða í brjóst sín, þar af eru um 100 þúsund í Evrópu. Þá segir þingið að PIP-málið sýni þörfina á lögum um höpamálsókn sem geri neytendum auðveldara að leita réttar síns.



**SKURÐAÐGERÐ** Evrópsku neytendasamtökin vilja láta herða eftirlit með öllum læknavörum, eins og brjóstapúðum og gangráðum. - sv

# 1.500 hótélherbergi duga í fjögur til níu ár

**Pekkt áform um uppbyggingu stórra gististaða miða við að fjölga hótélherbergjum í Reykjavík um 1.500. Sú fjölgun dugar til að mæta eftirspurn eftir gistingu í fjögur til níu ár. Langflest uppbyggingaráform eru í miðborginni.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Á teikniborðinu eru áform um að fjölga hótélherbergjum í Reykjavík um rúmlega 1.500. Þau eru mislangt á veg komin og eru fjarri því nægjanlega mörg til að anna þeirri eftirspurn sem aukinn ferðamannastraumur skapar.

Í drögum að greinargerð sem VSÓ Ráðgjöf vann fyrir Reykjavíkurborg um þörf á gistirými í höfuðborginni á árunum 2012 til 2030 segir að líklega þurfi að byggja um 180 til 380 ný hótélherbergi á ári á tímabilinu. Þau áform sem eru á teikniborðinu myndu einungis duga til að anna þeirri eftirspurn í fjögur til níu ár. Langflest áform um uppbyggingu eru í miðborg Reykjavíkur.

Við vinnslu greinargerðarinnar aflaði VSÓ Ráðgjöf upplýsinga um áform um fyrirhugaða gististaði í Reykjavík. Upplýsingaöflunin var bundin við þau verkefni sem teljast tiltölulega stórir gististaðir.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem safnað var saman eru alls tólf stórir gististaðir á teikniborðinu í höfuðborginni. Þeir eru mislangt komnir og tekið er fram í greinargerðinni að óvissa sé um framvindu sumra verkefnanna. Samanlagt eiga þessir stóru gististaðir að fjölga herbergjum um 1.536 talsins. Þar munar mestu um fyrirhugað 343 herbergja hótél í Borgartúni, sem er nú í skipulagi, og 250 herbergja hótél sem mun mögulega rísa við hlið Hörpunnar við Reykjavíkurhöfn.

Í greinargerðinni segir að „áform um nýja gististaði koma til með að breytast m.a. í takti við



**HARPA** Á meðal þeirra hótela sem rísa eiga í höfuðborginni verður eitt við hlið tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

efnahag, fjölda ferðamanna og afkomu í ferðaþjónustu og rekstri gististaða. Ef lítið er til fjölgunar ferðamanna sem koma til Íslands er ljóst að eftirspurn eftir gistirýmum mun aukast“.

Þar segir einnig að verði árleg fjölgun ferðamanna á bilinu fimm til sjö prósent fram til ársins 2030, og miðað sé við sömu og betri nýtingu gistirýma en er í dag, þá þurfi að fjölga hótélherbergjum um 180 til 380 á hverju ári. Miðað við það þarf að fjölga gistirýmum um 3.600 til 7.500 á tímabilinu. Frá árinu 1990 hefur vöxturinn verið 6,3 prósent árlega að jafnaði.

Ef miðað er við þau áform sem eru í gangi er ljóst að áhugi á uppbyggingu gististaða beinist aðallega að miðborginni, eins og sjá má hér til hliðar.

[thordur@frettabladid.is](mailto:thordur@frettabladid.is)

### Pekkt áform um gististaði í Reykjavík

Heiti	Herbergi
Reykjavík Marína	110
Harpa/höfnin	250
Aðalstræti/Ingólfstorg	130
Borgartún	343
Höfnin v/slippinn	100
Hótél Borg	53
Klapparstígur	140
Lækjargata	100
Kirkjutorg	20
Bankastræti	30
Mýrargata 26	150
Hlemmur	110

**Alls 1.536**

Netanyahu býst við samstarfi: Öllum í hag að friður ríki

**ÍSRAEL** Benjamin Netanyahu sagði á fundi með Vladimir Putin, forseta Rússlands, í gær að hann byggist við

á að geta unnið með Moham-med Morsi, nýjum forseta Egyptalands, þrátt fyrir að hann hafi verið fulltrúi Bræðralags mósúlima í forsetakosningum.



**BENJAMIN NETANYAHU**

Netanyahu sagði samstarfið verða að byggja á friðarsáttmála landanna. Hann sagðist trúa því að friður væri sameiginlegur hagur beggja landa og grundvöllur stöðugleika á svæðinu.

Talsmaður Netanyahu sagði í gær að ísraelsk stjórnvöld vonuðust til þess að Morsi muni einbeita sér að því að koma stöðugleika á fjárhag Egyptalands. Fjárhagsaðstoð Bandaríkjanna við Egypta er bundin því að þeir haldi frið við Ísrael.

Lærbrotnaði í umferðarslysi:

## Flaug 17 metra af mótórhjólinu

**SLS** Ökumaður vélhjólslapp betur en á horfðist þegar hann lenti í harkalegum árekstri við bíl á Tangagötu í Vestmannaeyjum í gær. Maðurinn, sem er á þrítugsaldri, kastaðist sautján metra af hjólinu og hafnaði á öðrum bíl.

Maðurinn var fluttur á Heilsugæsluna í Vestmannaeyjum til aðhlynnningar en síðan var flogið með hann til Reykjavíkur á sjúkrahús. Útlit er fyrir að hann hafi sloppið með lærbrot.

Maðurinn var búinn göðum hlífðarfatnaði og hjálmi sem er talinn hafa gert það að verkum að ekki fór verr. - sh

Haukur Þór Haraldsson fundinn sekur um fjárdrátt í Héraðsdómi Reykjavíkur:

## 18 mánaða fangelsi í þriðju atrennu

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt Hauk Þór Haraldsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra hjá Landsbankanum, í átján mánaða fangelsi fyrir fjárdrátt.

Þetta er í þriðja sinn sem héraðsdómur fellir dóm í málinu og í annað sinn sem Haukur er sakfelldur. Hæstiréttur hefur í tvisgang vísað málinu aftur heim í hérað. Í fyrstu atrennu í héraði var Haukur sýknaður, en svo dæmdur í tveggja ára fangelsi í annað sinn.

Haukur var ákærður fyrir að hafa, strax eftir setningu neyðarlaganna í október 2008, millifært rúmar 118 milljónir af reikningi aflandsfélags á vegum Landsbankans inn á eigin reikning. Degi síðar lét hann millifæra féð á annan reikning í sinni eigu, en að lokum skilaði það sér aftur inn á reikning bankans.

Haukur bar því við að hann hafi einungis verið að gæta hagsmuna bankans með millifærslunni, enda hafi ríkt mikil óvissa um hvort Tryggingarsjóður innstæðueigenda myndi ábyrgjast innstæður íslenskra lögaðila á erlendum reikningum, og því hafi hann viljað koma fénu í var. Héraðsdómur féllst ekki á þessi rök Hauks. - sh



**LANGT FERLI** Haukur mætir ásamt lögmanni sínum, Gesti Jónssyni, til annarrar aðalmeðferðarinnar. Nú er þeirri þriðju lokið með dómi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.



Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugum ára.



DRÖGUM  
Í DAG  
26. JÚNÍ

Fáðu þér  
miða fyrir  
kl. 16.00



MILLJÓNAVELTAN VELTUR ÁFRAM!

## ÁTTU PLÁSS FYRIR MILLJÓNIR?

Þann **26. júní** drögum við út **30 milljónir** á einn miða í Milljónaveltni. Síðasti vinningur sem gekk út í Milljónaveltni var **einmitt 30 milljónir!** Í hverri **Milljónaveltu** drögum við að auki út **5 stakar milljónir**, aðeins úr seldum miðum.

+5x **1** milljón

**EINN MIÐI  
TVEIR LEIKIR**

í mánuði, fyrir aðeins 1.100 krónur.

DRÖGUM  
**10.**  
JÚLÍ

**Aðalútdráttur**

Vinningshafar eru um  
**3.000** í hverjum mánuði.



Miðaeigendur í Hapdrættinu  
fá inneign á Spilaeyjuni!



**HAPDRÆTTI  
HÁSKÓLA ÍSLANDS**  
VÆNLEGAST TIL VINNINGSS

Tryggðu þér miða á [www.hhi.is](http://www.hhi.is), í síma 800 66 11  
eða hjá næsta umboðsmanni.

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu mikill á niðurskurðurinn að vera hjá ríkinu á næsta ári?
2. Hvað heitir nýr forseti Egyptalands?
3. Hvaða bílar hafa fengið niðurfelldan virðisaukaskatt?

## SVÖR

1. Eitt prósent. 2. Mohammed Morsi. 3. Kaf, vélts- og tengiltvinnubílar.



ALLUR Ítrekað var reynt að láta Georg fjölga sér með hjálp náskyldra skjaldbökutegunda, en án árangurs.

NORDICPHOTOS/AFP

Dýrategundum fækkar:

## Einmana-Georg til hinstu hvílu

**DÝRALÍF** Risaskjaldbakan Einmana-Georg, sú síðasta af sinni tegund, drapst á Galapagoseyjum í fyrradag.

Ekki er vitað nákvæmlega hversu gamall Georg var, en þó er talið að hann hafi verið um hundrað ára. Hann uppgötvaðist á einni af Galapagoseyjum árið 1972. Vísindamenn höfðu fram að því talið að sú undirtegund Galapagos-skjaldbakanna sem hann tilheyrði væri útdauð.

Georg varð fljótt eitt megin-tákn eyjanna og verndunar lífríkisins þar. Ítrekaðar tilraunir til að láta hann frjóvga egg náskyldra skjaldbökutegunda báru aldrei árangur og því er tegundin nú að öllum líkindum útdauð fyrir fullt og allt.

- sh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fíkniefnabrotum fjölga

Fíkniefnabrot voru 851 fyrstu fimm mánuði ársins sem er tæplega þriðjung fleiri brot en yfir sama tímabil í fyrra. Brotin voru 201 talsins í síðastliðnum málfánuði, segir í afbrotatíðindum Ríkislögreglustjóra.

Union Pay, stærsta greiðslukortafyrirtæki í heimi, rekur tvo milljarða korta:

## Kortarisi gerir samning við Borgun

**VIÐSKIPTI** Kínverska greiðslukortafyrirtækið Union Pay og hið íslenska Borgun hafa gert með sér samning um að Borgun þjónusti viðskiptavinum Union Pay. Þetta var kynnt við formlega athöfn í Perlunni í gær og geta nú kínverskir ferðamenn notað kort sín hérlendis.

Union Pay er stærsta greiðslukortafyrirtæki í heimi og rekur um tvo milljarða korta í sextán löndum í Asíu. Kínverskir ferðamenn sem eru með kort frá Union Pay hafa hingað til ekki getað notað kort sín hér.

„Þeir Kínverjar sem hingað koma virðast vera vel efnaðir,“ sagði Haukur Oddsson, forstjóri Borgunar, við tilefnið. Í fréttatilkynningu frá Borgun er bent á að markaðsrannsóknir sýni að kínverskir ferðamenn eyði að meðaltali meiri peningum en aðrir ferðamenn. Hingað komu um fimm þúsund kínverskir ferðamenn árið 2010.

Forstjóri China Union Pay, Xu Luode, og Haukur innsigliðu samkomulagið með því að strauja kort frá Union Pay í posa frá Borgun í Perlunni í gær.

- bph



XU OG HAUKUR Forstjórar fyrirtækjanna tókust í hendur þegar korti frá Union Pay hafði verið rennt um posa frá Borgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samkaup greiði hálfa milljón:

## Sektað fyrir villandi tilboð

**NEYTENDUR** Áfrýjunarnefnd neytendamála hefur staðfest ákvörðun Neytendastofu um að sekta Samkaup um hálfa milljón króna fyrir brot á útsölureglum. Brotið fólst í því að auglýsa bækur á tilboði án þess að hafa nokkurn tímann selt þær á tilteknu fyrra verði.

Neytendastofu höfðu borist ábendingar um villandi tilboð og afslætti og tók í kjölfarið sérstaklega til skoðunar auglýsingar og kynningar á bókaverði fyrir jól. Samkaup áfrýjuðu niðurstöðunni, sem hefur nú verið staðfest.

- sh

# Tryggt búsetuöryggi helsta forsenda fyrir breytingum

Skoðanakönnun sýnir að fjölmargir gætu hugsað sér að leigja húsnæði ef búsetuöryggi væri tryggt. Um þriðjungur getur hugsað sér að leigja. Fjölmargir eigendur húsnæðis gætu hugsað sér að breyta til og leigja.

**HÚSNÆÐISMARKAÐUR** Nálægt 30% fólks innan vébanda BSRB gæti hugsað sér að leigja húsnæði ef búsetuöryggi þeirra væri tryggt. Af þeim sem eiga húsnæði sitt í dag gætu 22% þeirra vel hugsað sér að færa sig yfir á leigumarkaðinn, ef þeir ættu það ekki á hættu að leigunni yrði sagt upp með stuttum fyrirvara.

Þetta er meðal niðurstaðna viðamikillar viðhorfs- og kjarakönnunar Capacent fyrir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB).

**22%** þeirra sem eiga húsnæði í dag gætu hugsað sér að færa sig yfir á leigumarkaðinn.

## KÖNNUN FYRIR BSRB

Hilmar Ögmundsson, hagfræðingur hjá BSRB, segir BSRB hafi verið ötuln talsmann jafnræðis á milli búsetuforma; að fólk hafi raunverulegan valkost á að kaupa húsnæði eða leigja. Það feli í sér að skapa þurfi skilvirkan leigumarkað með búsetuöryggi og að húsnæðisbætur verði þær sömu óháð búsetuformi.

„Dörfin fyrir aukið leiguhúsnæði, bæði á höfuðborgarsvæðinu og víða á landsbyggðinni, er greinilega til staðar og mun líklega fara vaxandi. Sérstaklega



VIÐ MIKLUBRAUT Tæp tólf prósent félagsmanna BSRB búa í leiguhúsnæði en 27% aðspurðra geta hugsað sér að vera á leigumarkaði, ef búsetuöryggi væri tryggt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

skortir leiguhúsnæði til langs tíma,“ segir Hilmar. „Niðurstöður könnunar BSRB sýna að eftirspurn eftir leiguhúsnæði er mun meiri en framboðið. Langmest af leiguhúsnæði á Íslandi er í einkaeign og einungis leigt til skemmri tíma, ef frá eru taldir félagslegar íbúðir fyrir til dæmis aldraða, námsfólk og öryrkja.“

BSRB hefur barist fyrir því undanfarnin ár að ríki og sveitarfélög komi í auknum mæli að málfnun leigjenda og hugmyndir um svokölluð leigufélög að fyrirmynd

annarra Norðurlandabjórða hafa verið nefndar í því sambandi.

„Leigumarkaðurinn á Íslandi er að mörgu leyti vanþróaður og óskipulagður og ekki er hugað nógu vel að málefnum leigjenda. Það verður því að bregðast við breyttum aðstæðum á húsnæðismarkaði og auka jafnræði milli ólíkra búsetuforma. Húsnæðiskerfið þarf að vera þannig uppbyggt að fólk hafi val, geti hagað húsnæðismálum sínum í takt við aðstæður á hverjum tíma,“ segir Hilmar.

Að mati Hilmars gæti almenna leigukerfið í Danmörku verið góð lausn fyrir ríki og sveitarfélög til að ráða úr vanda skuldssettra heimila svo ekki sé talað um vanda Íbúðalánasjóds. „Reykjavíkurborg og velferðarráðherra hafa sagt að það sé vilji hjá þeim til að auka fjölbreytnina í búsetuúrræðum á Íslandi. Eftirspurnin eftir leiguhúsnæði er sannarlega til staðar en þetta gerist ekki að sjálfu sér. Frumkvæðið verður að koma frá hinu opinbera,“ segir Hilmar.

svavar@frettabladid.is

# Betri kjör á fjármögnun á nýjum bílum

Landsbankinn býður 8,95% óverðtryggða vexti, lægra lántökugjald og 15.000 Aukakrónur til Aukakrónukorthafa við fjármögnun á nýjum bíl fram til 6. júlí 2012. Láns-tíminn er allt að 7 ár og lánshlutfallið allt að 75%.

Skilmála og nánari upplýsingar má finna á landsbankinn.is eða hjá Bfla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Sigtúni 42.



Landsbankinn landsbankinn.is

410 4800







**Audi Q7 4,2**  
 Árgerð 2006, bensín  
 Ekinn 93.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 5.790.000**  
**Tilboðsverð:**  
**4.990.000,-**

# GLÆSILEGT ÚRVAL AF NÝLEGGUM GÆÐABÍLUM

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**VW Touareg V10 TDI**  
 Árgerð 2006, dísel  
 Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð:**  
**5.190.000,-**



**VW Polo Trendl 1,2**  
 Árgerð 2010, bensín  
 Ekinn 30.000 km, beinskíptur  
**Ásett verð:**  
**1.980.000,-**



**Audi A6 2,0 TFSI**  
 Árgerð 2006, bensín  
 Ekinn 115.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð:**  
**3.150.000,-**



**MM Pajero GLS 33"**  
 Árgerð 2005, bensín  
 Ekinn 117.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð:**  
**2.890.000,-**



**Toyota Hilux 33"**  
 Árgerð 2005, dísel  
 Ekinn 115.000 km, beinskíptur  
**Ásett verð:**  
**2.490.000,-**



**Nissan Pathfinder 2500 SE**  
 Árgerð 2008, dísel  
 Ekinn 106.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð:**  
**4.200.000,-**



**Honda CR-V 2,0 Lifestyle**  
 Árgerð 2011, bensín  
 Ekinn 20.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð:**  
**5.350.000,-**



**Nissan Murano 3500**  
 Árgerð 2005, bensín  
 Ekinn 75.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð:**  
**2.390.000,-**



**BMW 318i 2,0**  
 Árgerð 2009, bensín  
 Ekinn 45.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð:**  
**3.850.000,-**



**Hyundai Getz**  
 Árgerð 2005, bensín  
 Ekinn 90.000 km, beinskíptur  
**Ásett verð:**  
**980.000,-**



**Toyota Aygo**  
 Árgerð 2006, bensín  
 Ekinn 60.000 km, beinskíptur  
**Ásett verð:**  
**1.090.000,-**



**Nissan X-Trail**  
 Árgerð 2008, dísel  
 Ekinn 102.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð:**  
**3.290.000,-**



**DÝRASKOÐUN** Gestir í hitabeltis-dýragarðinum Gondwanaland í Leipzig í Þýskalandi ganga yfir 90 metra langa göngubrú í 12 metra hæð. Alls eru 300 dýr í garðinum og 17.000 hitabeltis-plöntur. NORDICPHOTOS/AFP

Leggja 25 milljónir í sjóð:

## Isavia styrkir Háskóla Íslands

**VIÐSKIPTI** Isavia leggur samtals 25 milljónir króna í rannsóknasjóð fyrir meistara- og doktorsnema við Háskóla Íslands, samkvæmt nýjum samstarfs-samningi.



**BJÖRN ÓLI HAUKSSON**

Rannsóknirnar geta meðal annars tengst flugi og flugtengdri starfsemi, að því er segir í tilkynningu. Samninginn undirrituðu Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskólans og Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia. Fyrstu styrkjum verður úthlutað 2013. - óka

## Framkvæmdir á Háskólatorgi: Verklök áætluð í febrúar 2013

**FRAMKVÆMDIR** Framkvæmdir við stækkun Háskólatorgs HÍ eru nú að hefjast. Ráðgert var að hefja framkvæmdir í apríl síðastliðnum en það dróst þar til nú. Áætlað er að Stúdentakjallarinn opni samkvæmt upphaflegri áætlun þann 1. desember.

Rebeka Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi Félagsstofnunar stúdenta, segir að verkið klárast í febrúar á næsta ári. „Það er verið að byggja Stúdentakjallarann sem er mesta stækkunin, um 561 fermetri, og torgið verður stækkað um 238 fermetra.“ Stúdentakjallarinn lokaði í upprunalegri mynd árið 2007. - bph

Að meðaltali 12 til 14 börn greinast á hverju ári með alvarlegan gigtarsjúkdóm:

## Vantar sárlega sérhæfðan lækni

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við viljum vekja athygli á því að hér er enginn barnagigtarlæknir. Jón Kristinsson hefur séð um börn með gigt síðustu tuttugu til þrjátíu árin. Hann er krabbameinslæknir og er alveg frá-bær. Hann mun hætta eftir eitt ár. Það er búið að finna einn í staðinn en hann er ekki barnagigtarlæknir“, segir Birna Krístrún Halldórsdóttir, foreldri barns með gigt.

Birna er ein af forsvarsmönnum matarboðs sem haldið var á dagdeild Barnaspítala Hringssins.

„Við viljum vekja athygli á því að það greinast tólf til fjórtán börn á

hverju ári með alvarlegan gigtarsjúkdóm sem getur háð þeim til langframa,“ segir Birna.

Hún bendir á að þetta séu fleiri börn en þau sem greinast árlega með krabbamein. Málefnið sé því brýnt.

Margir gestir létu sjá sig á Barnaspítalanum í gær. Íbúar Latabæjar kíktu í heimsókn og Friðrik Dór ásamt Jóni Jónssyni héldu uppi skemmtun.

Í hádeginu mættu svo Simmi og Jói og grilluðu hamborgara fyrir sjúklinga, starfsfólk og aðra sem kíktu inn. - ktg



**BARNASPÍTALI HRINGSINS** Þróttálfurinn kom við á dagdeild Barnaspítalans, en deildina þurfa sum gigtveik börn sækja til að fá lyf. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Tölur frá Ríkislögreglustjóra: Færri þjófnaðir og innbrot í hús

**LÖGREGLUMÁL** Innbrotum og þjófnaðum fer fækkandi milli ára, sé litið á fyrstu fimm mánuði ársins. Það sem af er ári hafa tilkynnt innbrot verið 131 að meðaltali á mánuði í ár, en flest voru tilkynnt í janúar eða rétt tæplega sex á dag. Þetta kemur fram í afbrotatíðindum Ríkislögreglustjóra.

Skráð innbrot voru allt að 250 á mánuði árið 2010 og um 150 í fyrra. Vettvangur innbrota og þjófnaða er í flestum tilvikum íbúðarhúsnæði, fyrirtæki eða stofnanir, bifreiðar og sumarbústaðir. - sv

## Stórbrunnar í Eyjum óupplýstir

Slökkvilið Vestmannaeyja slökkti eld í tveimur bílum í fyrrinótt. Eldsupptök eru ókunn. Minnst tíu stórbrunnar í Vestmannaeyjum síðustu ár eru enn óupplýstir. Enginn íkveikjufaraldur segir yfirlögregluþjónn.

**ELDSVOÐI** Slökkvilið Vestmannaeyja var skamma stund að ráða niðurlögum elds í sendibifreið í Skvísusundi í Vestmannaeyjum. Talið er að kveikt hafi verið í bílnum en í sendibifreiðinni var annar minni bíll.

Sami eigandi er að báðum bílum og eru þeir taldir gjörónýtir. Slökkviliðið fékk tilkynningu um eldinn um klukkan hálf þrjú í fyrrinótt.

Sendibifreiðinni var lagt við hús innrétingafyrirtækis sem starfrækir þar trésmíðaverkstæði og sprautuverkstæði. Jóhannes Ólafsson, yfirlögregluþjónn í Vestmannaeyjum, segir að töluverð hætta hafi skapast.

„Þarna hefði getað orðið mikið tjón,“ segir Jóhannes. „Í húsinu er innrétingafyrirtæki og lakklefi og annað því líkt. Svo þarna er mikill eldsmatur. Það fór þó betur en á horfði.“

Rannsóknarvinna er í fullum gangi og óskað hefur verið eftir aðstoð frá tæknideild á höfuðborgarsvæðinu til að skýra upptök eldsins.

Ekki var neitt í bílunum sjálfum sem gæti hafa orsakað upptök eldsins. Búið var að selja bílana í brotajárn og nýta átti eitthvað

úr þeim. Til stóð að fjarlægja bílana.

„Það leikur grunur á íkveikju,“ segir Jóhannes enn fremur. „Það var ekkert í þessum bílum sem á að hafa skapað eldhættu. Þetta voru ógangfærir bílar og ekkert rafmagn virkt í þeim.“

Margir eldsvóðar á síðustu árum eru óupplýstir í Vestmannaeyjum en tíu af stærri brunum eru óupplýstir. Jóhannes vill ekki meina að íkveikjufaraldur sé í Vestmannaeyjum.

„Nei, það er misskilningur. Það hafa komið upp margir óupplýstir brunar hér en það hefur verið ýkt svolitíð að um íkveikjufaraldur sé að ræða. En það eru kannski tíu brunar sem enn eru óupplýstir, þó það sé kannski ekki sannt að þar sé um íkveikjur að ræða.“

Spurður hvort það sé ekki vandamál hversu margir brunar séu óupplýstir segir Jóhannes klárlega svo vera.

„Auðvitað er alltaf vandamál ef það er grunur um íkveikjur. Það er hins vegar ekki hægt að segja að hér sé einn einstaklingur á ferð eins og haldið hefur verið á lofti,“ segir Jóhannes. birgirh@frettabladid.is



**TÖLUVERÐ HÆTTA SKAÐAÐIST** Eldur var laus í sendibifreið í Vestmannaeyjum í fyrrinótt. Bíllinn stóð við hús innrétingafyrirtækis þar sem inni er mikill eldsmatur. MYND/ÓSKAR P. FRÍDRIKSSON

## Að meðaltali fimm íkveikjur á ári

Síðan árið 2000 hafa orðið 162 brunar í Vestmannaeyjum, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu þar. Alls eru 26 þeirra óupplýstir.

### Íkveikjur

Tilkynningar um íkveikjur eru 63, það gera um fimm íkveikjur á ári að meðaltali. Óupplýstar eru 25 af þessum 63 en 38 hafa verið upplýstar.

### Stórbrunnar

Á þessu tímabili eru sautján brunar og íkveikjur flokkaðir sem meiriháttar brunar. Þá er átt við að töluverðar skemmdir hafi orðið. Sjö stórbrunnar eru taldir vera af völdum íkveikju og hafa fimm þeirra verið upplýstar. Tveir stórbrunnar eru óupplýstir.

www.volkswagen.is



Fullkomið leiðsögukerfi fyrir Ísland

Tiguan Sport & Style kostar aðeins frá

6.190.000 kr.

Volkswagen Tiguan

## Frelsi til að ferðast

Volkswagen Tiguan sportjeppi eyðir aðeins 5,8 l á hverja 100 km.



Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Tiguan

Reynslan er góð! Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



Alþingi hefur samþykkt breytingu á lögum um varnir gegn bráðamengun sem tryggja rétt viðbrögð:

# Lög um varnir hafs og stranda samþykkt

**UMHVERFISMÁL** Alþingi hefur samþykkt breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda. Breytingunum er ætlað að styrkja framkvæmd mála vegna bráðamengunar á sjó og að tryggja að brugðist sé við á viðeigandi hátt þegar bráðamengun verður.

Breytingarnar eru tilkomnar vegna óskar Hafnasambands Íslands um endurskoðun skipulags viðbragða vegna bráðamengunaróhappa innan hafnar-svæða.

Meðal helstu nýmæla má nefna að í stað fimm svæðisráða sem nú eru starfandi kemur Mengunarvarnaráð hafna sem ætlað er að styrkja eftirlit og viðbrögð,



**MENGUNARSLYS** Olía lak út í smábátahöfnina við Elliðaár-ósa árið 2008.

ekki síst hvað varðar æfingar og búnað. Þá mun Umhverfisstofnun fá samræmingarhlutverk í samráði við Mengunarvarnaráð hafna í því skyni að gera vinnubrögð og viðbrögð við óhöppum markvissari.

Lögin gera ráð fyrir að settar verði ítarlegri heimildir í reglugerð um flokkun hafna, tiltækan mengunarvarnabúnað, rekstur hans og notkun. Í henni verður mælt fyrir um lágmarksmengunarvarnabúnað sem skal vera tiltækur í hverri höfn.

Loks eru í lögnum gerðar breytingar á ákvæðum er varða upplýsingagjöf og samvinnu eftirlitsaðila, stjórn á vettvangi og viðbragðsáætlanir.



**SKÁLI!** Nýútskrifaður liðþjálfari í rússneska sjóhernum drekkur vín úr gríðarstóru glasi í herskóla í St. Pétursborg. Í drykknum má sjá sérstakan kuta sem allir hermenn fá að gjöf við útskrift.

Ökumaður neitar ofsakstri:

## Ók of hratt fyrir myndavél

**DÓMSMÁL** Átján ára piltur sem ákærður er fyrir manndráp af gáleysi, neitaði ofsakstri fyrir dómi í gær. Sérfræðivitni bar að bíllinn hefði farið of hratt til að mynd af honum næðist á eftirlitsmyndavél.

Sautján ára piltur, Eypór Darri Róbertsson, lést eftir að bíll sem hann var farþegi í hafnaði á húsvegg á mótum Geirsgötu og Mýrargötu í ágúst 2011.

Ökumaður bílsins er átján ára og var einn besti vinur Eypórs. Hann bar fyrir dómi í gær að hann hafi ekið á um 70 kílómetra hraða á klukkustund þegar slysið varð. Í ákæru segir að ætlaður hraði sé 119 kílómetrar á klukkustund, en leyfilegur hámarks-  
hraði var 50.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Reyndu að laumast í skip

Undir hádegi í gær fékk lögregla tilkynningu um tvo útlendinga sem voru að reyna að komast um borð í skip í Straumsvíkurböfn. Fyrst var talið að þeir hefðu verið á ferð en sá þriðji fannst aldrei. Í ljós kom að mennirnir voru hælisleitendur sem höfðu líka reynt að komast um borð í skip í Sundahöfn í síðustu viku. Þeir voru handteknir, tekin af þeim skýrsla og því næst fluttir í aðsetur hælisleitenda í Reykjanesbæ.



# Neutral®

ÞVOTTAEFNI FYRIR HVERT TILEFNI



Asma- og öfnaemisfélagið á Íslandi mælir með vörum frá Neutral



### STÓRÞVOTTUR FRAMUNDAN?

Ekkert jafnast á við Neutral Stovvask til að komast til botns í þvottakörfunni. Hentar fyrir þvott af öllu tagi.



### HAFÐU ÞAÐ FÍNT

Silkihönskum, ullarteppum og dúnlúpum hæfir 30 til 40 gráðu þvottur í höndum eða vél með Neutral Uld- og finvask.



### NÚ ER ÞAÐ SVART

Neutral Sort vask varðveitir svartan glæsileikann svo hann tapi ekki lit sínum. Upplitað er bara ekki í físku þessa dagana.



Fyrir alla muni, ekki láta þennan lenda í hvíta þvottinum.

Létt er að flokka litríka sokka.

### NÚ ER ÞAÐ HVÍTT

Ensímin í Neutral Hvíð vask losa þig við erfiða bletti og óhreinindi. Það skilar sér í björtum og hvítum þvotti. Fljótandi Neutral leysist vel upp og hentar því líka vel í handþvottinn.



### HALTU LÍFI Í LITUNUM

Settu svolitíð af Neutral Color í hölfið og njóttu þess að fá þvottinn jafn litríkan úr vélinni aftur. Þetta er kröftugt, þú notar bara lítið af dufti í hverja vél. Fljótandi Neutral Color endist líka og endist.



NÁNARI UPPLÝSINGAR Á NEUTRAL.IS

Stuðlað að fallegra og öruggara umhverfi:

## Neikvæðar fréttir verða jákvæðar

Fjölmiðlar fá talsvert af ábendingum frá fólki um eitt og annað sem betur mætti fara í nærumhverfi þess. Oft eru sagðar fréttir af sóðaskap, slæmri umgengni, sleifarlagi fyrirtækja eða sveitarfélaga við að halda umhverfinu snyrtilegu, slysgildrum og vondum frágangi við framkvæmdir.

Oft er það svo að það er ekki fyrr en þessar fréttir rata í fjölmiðla að eitthvað gerist loksins í málinu. Nágrannar hafa jafnvel kvartað vikum eða mánuðum saman undan hættulegum húsgrunni án þess að verktakar eða sveitarfélög geri nokkuð í málinu, svo dæmi sé tekið. Um leið og fjölmiðill segir frétt af slóðaskapnum er honum hins vegar kippt í liðinn – og reyndist þá hvorki fyrirhafnar- né kostnaðarsamt þegar til kom. Um þetta eru ótal dæmi.

Flutningur fréttar af þessu tagi er þess vegna hluti af aðhaldshlutverki fjölmiðla og skiptir máli á heildina lítið, þótt hvert mál sé kannski lítið og staðbundnið. Ritstjórn Fréttablaðsins ákvað nýlega að lyfta þessum fréttum betur í blaðinu, merkja þær sérstaklega með borðanum „Hver þremillinn!“ og hvetja lesendur til að senda inn ábendingar og myndir af sóðaskap, hirduleysi, slysgildrum og fleiru af því tagi.

Nú er annar hver maður með stafræna myndavél í vasanum og auðvelt er að miðla myndunum. Þær þurfa ekki allar að vera líklegar sigurmyndir í ljósmyndasamkeppni; þær auðvelda að minnsta kosti blaðamönnum störfun við að hafa uppi á klúðrinu, láta taka af því betri myndir ef þarf og hafa uppi á þeim sem ber ábyrgð á að laga það.

Viðbrögðin við hvatningu til lesenda að láta í sér heyra hafa ekki látið á sér standa. Og það er nú svo skemmtilegt að þessar fréttir, sem í eðli sínu eru neikvæðar, snúast strax upp í andhverfu sína því að staðreyndin er sú að þeir sem ábyrgðina bera hafa brugðizt hratt og vel við þeim. Umferðareyjan við Löngu- hljóðina, þar sem grasið var orðið hærra en runnarnir, var slegin daginn sem fréttin af henni birtist. Sófi og fleira drasl, sem hafði staðið dögum saman á lóð sem Sorpa er hætt að nota í Garðabæ, hvarf eins og döggi fyrir sólu. Og fréttin af ruslahaug eftir byggingarverktaka í Norðlingaholti í Reykjavík var ekki einu sinni komin á prent þegar borgarstjórsmenn voru byrjaðir að skoða aðstæður og undirbúa hreinsun.

Lesendur mega gjarnan hafa í huga að við erum ekki bara á höttunum eftir ábendingum og myndum úr þéttbýlinu, heldur ekki síður úr dreifðum byggðum og óbyggðum, til dæmis frá ferðamannastöðum þar sem slæm umgengni og mikill ágangur er vaxandi vandamál, af hálendinu þar sem utanvegaakstur er illu heilli daglegt brauð og þannig mætti áfram telja.

Með fréttalutningi af þessu tagi vill Fréttablaðið ganga í lið með þeim sem vilja stuðla að fallegu og öruggu umhverfi. Við viljum breyta neikvæðu fréttunum í jákvæðar með því að segja þær og leita viðbragða.

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
 ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAÐI: Ari Ewald  
 RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

★★★★★  
 PBB/FRTM

**ELÐAR KVIKNA**  
 SUZANNE COLLINS

KILJA

INNBUÐIN

**HUNGURLEIKARNIR HALDA ÁFRAM**  
 www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Stífla áa vorra

Guðmundur Andri Thorsson hittir naglann oftast á höfuðið í pistlum sínum en færasti trésmiður. Hann reit pistil í Fréttablaðið í gær þar sem hann rifjaði upp átrúnað Íslendinga á vatnið og sólna. Eitt sinn hafi þeir skynjað samband manns og jarðar en síðan hafi sigið á ógæfuhliðina. Maðurinn hafi talið sig herra náttúrunnar og sé nú orðinn perri náttúrunnar. Þetta er skýrlega mælt. Ekki er tengingin við Öxará jafn skýr, en ekki er hægt að skilja annað en Guðmundur Andri telji stíflun áa okkar, í upphafi landnáms,



#### Kárahnjúkar síns tíma?

Stíflun Öxarár hefur verið gríðarleg framkvæmd á tímum örfarra íbúa og slælegra amboða. Einn hver tonn af grjóti hefur þurft til og áhrifin á umhverfið voru gríðarleg. Með góðum skammti af skáldlegri ímyndun má því velja þeirri spurningu upp hvort hún hafi ekki verið Kárahnjúkavirkjun síns tíma.

#### Kvenskörungi gleymt

Ingí Freyr Vilhjálmsson virðist, í leiðara DV í gær, rugla saman frambjóðandanum Vigdís Finnbogadóttur og forsetanum Vigdís Finnbogadóttur þegar hann segir: „Kvenskörungur hefði líklega ekki náð kjöri í karlaveldinu á Íslandi árið 1980 – hún hefði einfaldlega þótt of ógnvænleg og stuðandi fyrir tíðarandann.“ Vigdís var hinn ágætasti kvenskörungur í framboði og eftir. Sameiningartákn varð hún í embætti.  
 kolbeinn@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Sátt um auðlindastefnu

#### Auðlindir



Arnar Guðmundsson formaður Auðlinda- stefnuneftar

Allt frá skýrslu Auðlindaneftar árið 2000 má sjá sömu grundvallaratriðin í skýrslum og stefnumótun um auðlindamál. Verkefni Auðlindastefnuneftar er að draga þessi atriði saman og byggja á þeim tillögum um umsjón auðlinda.

Búið er að byggja upp rannsóknir og ráðgjöf vegna ákvarðana um verndun og nýtingu auk eftirlits. En þriðju stöð heildstæðrar auðlindastefnu vantar enn; það er hvernig handhafar sérleyfa eru valdir, til hve langs tíma leyfin gilda og hvernig mögulegum umframari, sem stafar af verðmæti sameiginlegra auðlinda, er skipt milli sérleyfishafa og þjóðarinnar sem eiganda eða umsjónaraðila.

Rauði þráðurinn í auðlindavinnu síðustu ára er að sérleyfum til nýtingu auðlinda verði aðeins úthlutað tímabundið, gegn gjaldi og með gagnsæjum hætti á grundvelli jafnræðissjónarmiða. Líklegt er að um þetta ríki sátt enda grunnurinn að t.d. löggjöf um leit og vinnslu olíu eða jarðgass innan íslenskrar lögsögu. Þar er einnig lagt upp með að auðlindarentunni, eða umframari sem verðmæti sjálfrar auðlindarinnar skapar, sé skipt milli sérleyfishafa og þjóðarinnar.

Eða hvernig svara stjórnmalaflokkar

„Þegar við höfum sammælt um grundvallaratriðin er auðveldara að útfæra stefnuna fyrir einstakar auðlindir þar sem tekið er tillit til mismunandi eðlis þeirra.“

annars þeirri spurningu hver sé raunverulegur eigandi olíu sem finnst innan íslenskrar lögsögu?

Þegar við höfum sammælt um grundvallaratriðin er auðveldara að útfæra stefnuna fyrir einstakar auðlindir þar sem tekið er tillit til mismunandi eðlis þeirra. Leiðin til sáttar í auðlindamálum er annars vegar skýrar og gagnsæjar grundvallarreglur, að þjóðin njóti sanngjarns hluta umframarsins af sínum verðmætustu auðlindum og hann sé sýnilegur og hins vegar að þær atvinnugreinar sem byggja á auðlindanýtingu búi við sem eðlilegust rekstrarskilyrði þannig að auðlindarentan verði hámarkuð öllum til hagsældar.



Arsenal - Sunderland

17-19. ágúst 2012

79.900 kr.

Chelsea - Newcastle

24-26. ágúst 2012

109.900 kr.



Tottenham - WBA

24-26. ágúst 2012

89.900 kr.

↑  
Sérstakt  
tilboðsverð !



Man Utd - Wigan

14-16. september 2012

79.900 kr.

Sérstakt  
tilboðsverð !



Liverpool - Stoke

5-7. október 2012

79.900 kr.

West Ham - Arsenal

5-7. október 2012

99.900 kr.



Chelsea - Norwich

5-7. október 2012

99.900 kr.

↑  
Sérstakt  
tilboðsverð !



Gaman  
Ferðir

[www.gaman.is](http://www.gaman.is)

Man Utd - Stoke

19-21. október 2012

89.900 kr.

Fulham - Aston Villa

19-21. október 2012

89.900 kr.



Skoðaðu úrvalið á [www.gaman.is](http://www.gaman.is)  
eða hafðu samband í síma 560 2000

Liverpool - Reading

19-21. október 2012

86.900 kr.



Arsenal - QPR

26-28. október 2012

79.900 kr.



Arsenal - Tottenham

16-18. nóvember 2012

118.900 kr.

Tivoli - Fjölskylduferð

Kaupmannahöfn

59.900 kr.

Golf á Spáni

Bonalba

139.900 kr.



Borgarferðir

London-Kaupmannahöfn

Frá 64.900 kr.



Golf á Englandi

Manor of Grovesa

109.900 kr.





**Chelsea - Man City**  
23-25. nóvember 2012  
**119.900 kr.**



**Tott'ham - West Ham**  
23-25 nóvember 2012  
**99.900 kr.**

**West Ham - Liverpool**  
7-9. desember 2012  
**99.900 kr.**

**QPR - Liverpool**  
28-30. desember 2012  
**99.900 kr.**



**Arsenal - Man City**  
11-13. janúar 2013  
**119.900 kr.**



**Fulham - Man Utd**  
1-3. febrúar 2013  
**99.900 kr.**



**Gaman**  
Ferðir

[www.gaman.is](http://www.gaman.is)

**West Ham - Man Utd**  
8-10. mars 2013  
**99.900 kr.**



**Man Utd - Man City**  
5-7. apríl 2013  
**119.900 kr.**

**Allar boltaferðir eru með flugi, hóteli í 2 nætur og miða á leik. Miðað er við 2 í herbergi**

**Man Utd - Chelsea**  
3-5. maí 2013  
**107.900 kr.**



**Liverpool - Everton**  
3-5. maí 2013  
**119.900 kr.**

**Fulham - Liverpool**  
10-13. maí 2013  
**99.900 kr.**



**Madonna**  
15-18. júlí 2012  
**97.900 kr.**



**Wireless Festival**  
Rihanna og fleiri  
6-11. júlí 2012  
**98.900 kr.**

**Lady Gaga**  
7-9. september 2012  
**99.900 kr.**



**Kelly Clarkson**  
19-21. október 2012  
**84.900 kr.**

**Jennifer Lopez**  
21-23. október 2012  
**88.900 kr.**



# Jafnréttið og prinsippfesta Jóhönnu

## Jafnréttismál

**Björn Bjarnason**  
fv.  
dómsmálaráðgjafi



Ólafur Þ. Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, ritar tímabæran leiðara í blað sitt 22. júní undir fyrirsögninni: Prinsippkonan. Ritstjórinn greinir frá niðurstöðu nýs héraðsdóms í jafnréttismáli gegn Jóhönnu Sigurðardóttur og segir réttlæga að hún reyni „að snúa sig út úr klípunni með orðhengilshætti í fréttatilkynningu“.

Ritstjórinn telur að málið gegn Jóhönnu sé „algjörliga sambærilegt“ við mál gegn mér í apríl 2004 þegar þáverandi kærufnd jafnréttismála gaf út álit vegna skipunar í embætti hæstaréttardómara. Þessi fullyrðing ritstjórans stent ekki. Jafnréttislögum hefur verið breytt, auk þess samdi ég við Hjördís Hákonardóttur, sem kærði til nefndarinnar, með vísan til nefndarálitsins. Jóhanna hefur hins vegar með ótvíræðum hætti brotið gegn jafnréttislögum að mati þeirra yfirvalda sem eiga síðasta orðið um það efni. Hún hefur auk þess að mati héraðsdómara sýnt kæranda til nefndarinnar lítilsvirðingu.

Ólafur Þ. minnir á kröfu Jóhönnu frá 16. apríl 2004 um að ég segði af mér ráðherraembætti vegna álits kærufndarinnar og segir Jóhönnu hafa gerst seka um tvískinnung með því að gera aðra kröfu til mín en sjálfar sín. Hann segir augljóst að Jóhanna segi ekki af sér en lýkur leiðaranum með þessari spurningu: „En er til af mikils mælt að hún [Jóhanna] biðji kjósendur afsökunar á að hafa þverbrotið sín gömlu og margfrægu prinsipp?“

**Spunaliði Jóhönnu tekur til máls**  
Hinn 26. janúar 2012 réð Jóhanna

Sigurðardóttir upplýsingafulltrúa ríkisstjórnarinnar. Þetta gerði hún án þess að auglýsa starfið eða að umsækjandi þyrfti að sæta nokkru hæfnismati.

Jóhanna valdi Jóhann Hauksson blaðamann til að gegna embætti „upplýsingafulltrúa ríkisstjórnarinnar“. Hann hefur hins vegar sýnt með skrifum sínum að hann lítur á sig sem spunaliða Jóhönnu og sem slíkur brást hann við leiðara Ólafs Þ. Stephensens með grein í Fréttablaðinu laugardaginn 23. júní 2012 undir fyrirsögninni: Hvað hefðir þú gert Ólafur ritstjóri?

Jóhann segir að Jóhanna hafi í góðri trú ekki skipað Önnu Kristínu Ólafsdóttur í starf í forsætisráðuneytinu eða „nr. 5“ eins og hann kallar hana, líklega í virð-

arinnar segir Jóhönnu af prinsippfestu hafa skipað hæfasta manninn þótt hún hafi brotið lög með því að hafna Önnu Kristínu Ólafsdóttur. Grein sinni lýkur Jóhann Hauksson á þessum orðum:

„Hvað hefðir þú gert Ólafur ritstjóri í sporum Jóhönnu?“

Finnst þér að Björn Bjarnason eigi að biðja Hjördís velvirðingar á því að hafa skipað Ólaf Bökk hæstaréttardómara gegn öllum prinsípum, lögum og úrskurðum?“

Hér kys upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar að láta þess ógetið að við Hjördís Hákonardóttir sömdum 17. nóvember 2005. Í niðurstöðu okkar fólust fullar sættir sem má jafna til velvirðingar af minni hálfu í hennar garð.

Það er til marks um lélegan málstað þeirra sem vilja verja

„Nú segir hún fagnaðarefni og jafnréttisbaráttunni til framdráttar að hún, forsætisráðherrann, sé dæmd fyrir brot á jafnréttislögum. Er nema von að menn velti fyrir sér prinsippfestunni?“

ingarskyni. Jóhanna hafi af prinsippástæðum ekki viljað „fara í hart“ gegn Önnu Kristínu. Jóhanna var þó dæmd fyrir að lítilsvirða hana. Þá hafi Jóhanna af prinsippástæðum ekki viljað „véfengja úrskurð kærufndar jafnréttismála“. Jóhanna skipaði þó sérstakan rýnihóp í því skyni.

Eftir að hafa spunnið þennan þráð snýr Jóhann Hauksson sér að skipan dómara í hæstarétt sumarið 2003 og segir að Hjördís Hákonardóttir hafi verið „hæfasti umsækjandinn“. Hvaðan Jóhann hefur það veit ég ekki, hæstiréttur sjálfur taldi tvo karlmenn helst koma til álitu vegna ágætis þeirra og hæfileika.

Upplýsingafulltrúi ríkisstjórn-

brot Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á jafnréttislögum og lítilsvirðinguna sem hún hefur verið dæmd fyrir að sýna Önnu Kristínu Ólafsdóttur að tönnlast, Jóhönnu til afsökunar, á ágreiningi um túlkun á jafnréttislögum frá árinu 2004 sem var jafnaður með sátt aðila þess máls. Þá taldi Jóhanna að viðkomandi ráðherra ætti að víkja úr embætti. Hún breytti síðan jafnréttislögum til að herða á því að ráðherrar fylgdu þeim við mannaáráðninga. Nú segir hún fagnaðarefni og jafnréttisbaráttunni til framdráttar að hún, forsætisráðherrann, sé dæmd fyrir brot á jafnréttislögum. Er nema von að menn velti fyrir sér prinsippfestunni?

# Ábyrgð Ólafs

## Forsetaembættið

**Sveinbjörn Finnsson**  
eðlisfræðingur



unni [...]. Forsetinn lét gagnrýnina sem vind um eyru þjóta og endurtók ræðu sína á næstu tveimur árum [þ.e. 2006-2008].“ (8. bindi, bls. 174)

Ólafur brást ekki við alvarlegum athugasemdum fræðimanna fyrir hrun og stefna hans í þeim efnum hefur bersýnilega ekki tekið neinum breytingum. Hann getur ekki einu sinni hugsað sér að taka undir neinn þeirra þriggja lærdóma sem rannsóknarskýrslan birtir í lok kaflans um hlut forseta. Hann hefur raunar lagt sig fram við að tala gegn þessum þremur skynsamlegu ábendingum. Í fyrsta lagi telur Ólafur ekki þörf á því að skýra frekar hlut forseta í stjórnarskránni. Í öðru lagi vill hann ekki setja reglur um hlutverk for-

„Rannsóknarskýrsla Alþingis er nauðsynlegt veganesti í því uppgjöri sem við vinnum að þessa stundina.“

kemst skýrslan að þeirri niðurstöðu að Ólafur Ragnar, forseti Íslands, beri þar mikla ábyrgð.

Ólafur Ragnar hefur alla tíð gert lítið úr þeirri gagnrýni sem kom fram í rannsóknarskýrslunni. Hann hefur farið tvær leiðir þegar hann hefur verið beðinn um að bregðast við gagnrýninni.

1) Hann hefur bent á einstakar staðreyndavillur í skýrslunni til að draga úr trúverðugleika hennar. Þannig forðast hann að svara sanngjörnum spurningum sem vakna við lestur skýrslunnar. Um leið glatar hann því tækifæri að vinna með þjóðinni að nauðsynlegu uppgjöri og verður enn ein hindrunin í því ferli.

2) Ólafur hefur haldið því fram að hegðun sín og framkoma, t.a.m. við ræðu- og fundahöld, hafi ekki verið óeðlileg og vísar þá í tíðaranda þessara ára. Staðreyndin er þó sú að forsetinn var margoft gagnrýndur á árunum 2000-2008 og segir m.a. í rannsóknarskýrslunni: „Fjöldi sagnfræðinga gagnrýndi forsetann harðlega fyrir alhæfingar, þjóðernishroka og úreltar gamaldags túlkningar á sög-

seta í samskiptum hans við önnur ríki. Í þriðja lagi vill Ólafur ekki að forsetaembættinu verði settar síðareglur.“

Á síðustu árum höfum við stigið mörg stór skref í átt að betra samfélagi. Við höfum ekki alltaf verið sammála um hvaða leiðir séu bestar en höfum þó verið sammála um að breytinga sé þörf. Ólafur Ragnar hefur ekki fylgt þjóðinni í þessum efnum og sýnir enga viðleitni til umbóta.

Rannsóknarskýrsla Alþingis er nauðsynlegt veganesti í því uppgjöri sem við vinnum að þessa stundina. Mikilvægasti þáttur þess er að þjóðin öðlist á ný traust á sjálfri sér og þeim sem þjóna samfélaginu. Til þess að það geti átt sér stað er nauðsynlegt að þeir axli ábyrgð sem bera hana. Á laugardag gefst okkur tækifæri til þess að hafa frumkvæði að því að forsetaembættið taki þátt í uppgjörinu með okkur. Með því að kjósa nýjan forseta, fulltrúa nýrrar kynslóðar, sýnum við í verki að við viljum gera upp fortíðina á öllum vígstöðvum og þannig stuðla að betra samfélagi.

**ÚTILÍF**

# GÓÐIR FERÐAFÉLAGAR Í SUMAR

**MARGVERÐLAUNADIR BAKPOKAR SEM ÞÚ GETUR TREYST!**

KOMDU VIÐ OG SJÁDU ÚRVALIÐ.

<b>VERÐ: 25.990 KR.</b>	<b>TILBOÐ: 23.192 KR.</b>	<b>VERÐ: 49.990 KR.</b>	<b>VERÐ: 59.990 KR.</b>
<b>DEUTER FUTURA 28</b> Léttur vandaður dagpoki. Aircomfort bak sem loftar betur. Regnvörn fylgir.	<b>DEUTER FUTURA 32</b> Vinsælasti dagpokinn. Frábært burðarkerfi með loftun. Einnig til aðrar stærðir og dömuútfærslur. Regnvörn fylgir.	<b>DEUTER AIRCONTACT 50 + 10 SL</b> Frábær verðlaunabakpoki til notkunar í lengri ferðir. Vandað stillanlegt burðarkerfi. Einnig til aðrar stærðir og herraútfærslur. Regnvörn fylgir.	<b>DEUTER AIRCONTACT PRO 55 +15 SL</b> Sá vandaðasti úr smíðju Deuter. Frábært stillanlegt burðarkerfi. Öll smáatriði þaulhugsuð. Regnvörn fylgir. Einnig til aðrar stærðir og herraútfærslur.
	Almennt verð: 28.990 kr.		

**NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS**



# SUMARDAGAR RÚMGOTT

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!


RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

- Finnurðu fyrir eymslum í mjóbbaki?
- Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
- Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
- Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
  - hryggskekkju
  - brjósklos
  - samföllnum hryggjaliðum
  - spengdum hryggjaliðum
  - gigt, til dæmis:
  - slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

### FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

Vertu örugg/ur  
Komdu í greiningu



Heilsurúm á tilboði

**VERÐDÆMI:**  
Svæðaskipt heilsurúm  
Einbreitt: 70.224  
Tvíbreitt: 129.336

## FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!\*

\*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

### ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg  
rafmagnsrúm á  
Frábæru verði



Einbreið rafmagnsrúm:  
Verð frá 190.049.-

Tvíbreið rafmagnsrúm:  
Verð frá 346.995.-

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing  
– Eingungis greiðist lántökugjald

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM  
SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121  
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · [www.rumgott.is](http://www.rumgott.is)

VERSLUNIN  
**Rúm  
Gott**  
ÍSLENSK HEILSURÚM



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## MELÓNU TAPAS

Ef þú vilt bjóða upp á ljúffengan og sumarlegan smábíta þá er vatnsmelóna með fetaosti góð hugmynd. Melónan er skorin í stóra, ferkantaða bita, 3x3. Fetaostur er settur ofan á ásamt ristudum furuhnetum og smátt skornum vorlauk. Nýmalaður pipar yfir.



## Íþróttastuðningshlífar

BAUERFEIND®

Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is




Næsta tveggja vikna námskeið á Heilsuhótelu Íslands hefst 6. júlí og lýkur 20. júlí nk.

Örfá pláss laus. Verð fyrir einstaklingsherbergi er 160.000 kr. með gistingu, fullu fæði, fræðslu og ótakmörkuðum aðgangi að heilsulind hótelsins.

Greitt er sérstaklega fyrir nudd og snyrtingu.

Verð á mann í tveggja manna herbergi er 128.000 kr. á mann.

Hægt er að bóka dvöl með því að senda tölvupóst á [heilsa@heilsuhotel.is](mailto:heilsa@heilsuhotel.is) og í síma 512-8040



## ÓTRÚLEGT TÆKI OG NÝ TÆKNI

**BETRI SJÓN** Með nýju lasertæki er í fyrsta skipti hér á landi hægt að laga aldursbundna fjar-sýni með laseraðgerð sem kölluð er Presbymax-aðgerð. Hefðbundnar laseraðgerðir taka styttri tíma og eru öruggari með nýja tækinu.

Jóhannes Kári Kristinsson augnlæknir tók á dögunum í notkun nýtt lasertæki á nýrri augnlækningastöð sinni, Augljós. „Þetta er alveg ótrúlegt tæki og það er mikill munur á að nota það miðað við tæki sem ég hef notað áður,“ segir Jóhannes Kári.

Með nýja lasertækinu er nú í fyrsta sinn hér á landi möguleiki á að hjálpa þeim sem eru með aldursbundna fjar-sýni. „Í meira en tvo áratugi hefur verið unnt að leiðrétta nærsýni, fjar-sýni og sjónskekkju með lasertækni. Sú aðgerð er í daglegu tali kölluð LASIK. Þeir sem hafa farið í hana þurfa samt sem áður að búa sig undir að nota lesglæraugu eftir 45 ára aldur, eins og jafnaldrar þeirra. Hins vegar er núna boðið upp á svokallaða Presbymax-aðferð, en hún er fyrir þá sem vilja geta minnkað mjög lesglæraugnanotkun. Áður var einungis hægt að laga aldursbundna fjar-sýni með því að skipta um augasteina og það er helst ekki gert fyrr en fólk er orðið sextugt. Með Presbymax-aðferð er hægt að útbúa sérstakan laserprófil eða lögun á hornhimnu sem veldur því að augun sjá bæði vel frá sér og nálægt sér. Presbymax er fyrst og fremst ætlað þeim sem eru komnir yfir 45 ára aldur og vilja geta nýtt sér hæfileikann til að

sjá vel bæði frá sér og nálægt sér með sem minnstri aðstoð glæraugna.“

Lasertækið sem Jóhannes Kári notar er fyrsta tækið sem hefur verið keypt hingað til lands í allmörg ár. „Hin tækin hafa vissulega verið uppfærð reglulega en þetta er alveg nýtt tæki. Stóri munurinn er sá að aðgerðirnar taka minni tíma, lasergeislenn fylgir auganu hraðar, miðjun á geislanum er nákvæmari og öllu þessu fylgir aukin öryggi. Þetta á jafnframt að minnka líkur á viðbótaraðgerðum.“

Árið 2001 stofnaði Jóhannes Kári augnlækningastöðina Sjónlag þar sem hann hefur framkvæmt um sex þúsund laseraðgerðir. Í byrjun júní opnaði hann svo nýja augnlækningastöð sem heitir Augljós. „Ég er í raun að byrja upp á nýtt með þau grunnildir sem ríktu á upphafsárum Sjónlags. Hér í Augljósi viljum við veita persónubundna þjónustu og láta fólk líða vel hjá okkur. Þetta er fjölskyldufyrirtæki og hér er mjög heimilislegt og huggulegt. Það eru margir þættir sem koma að þessu ferli, þetta á ekki bara að vera aðgerðin sjálf. Við bjóðum jafnframt upp á þriggja ára ábyrgð á aðgerð sem þýðir að við hættum ekki þjónustu við fólk fyrr en það er orðið ánægt.“

■ [lilja.bjork@365.is](mailto:lilja.bjork@365.is)

**AUGLJÓS** Jóhannes Kári opnaði nýlega augnlækningastöðina Augljós þar sem hann framkvæmir hraðari og öruggari laseraðgerðir en áður. Einnig nýja aðgerð sem getur lagað aldursbundna fjar-sýni.

MYND/ERNIR

## LÍÐUR VEL

„Í Augljósi viljum við veita persónubundna þjónustu og láta fólk líða vel hjá okkur. Þetta er fjölskyldufyrirtæki og hér er mjög heimilislegt og huggulegt.“

### Blöndunartæki

fyrir heita potta 52 l./mín.  
Mjög afkastamikill tæki.

Hringás ehf - Skemmuvegur 10 (blá gata) - 200 Kópavogur - Sími: 567 1330

### praxis

...þegar þú vilt þægindi

<b>Boston</b> leður svart, hvítt st. 35-48 rautt st. 36-42 blátt st. 36-47	<b>Roma</b> Rúskinn lj.blátt d.blátt 36-42	<b>Verð: 11.900 kr.</b>
<b>Monako</b> leður svart, hvítt rúskinn og microfib. st. 36-46	<b>Paris</b> leður svart, hvítt, blátt m/microfib og rúskinnssóla st. 36-42	<b>Verð: 10.900 kr.</b>
<b>Verona</b> svart, hvítt st. 36-41	<b>Bari</b> leður rautt, sand, blátt st. 36-42	<b>Verð: 7.990 kr.</b>

Bonito ehf. • Praxis  
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • [www.friendtex.is](http://www.friendtex.is) • [soo.dk](http://soo.dk)  
Opið mán. - fös. kl. 11-18. Lokað á laugardögum

## LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggis-tæki sem auðveldar fólk að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reida sig á aðra. Margir lújubjálfarar, sjúkrahjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstaðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0-45° timbur/gífsloft.

**Vilji**  
vilji.is  
...Léttir þér lífið  
Sími 856 3451 • [www.vilji.is](http://www.vilji.is)

Yfir 5000 notendur á Íslandi síðan 1999

Margir aukahlutir í boði.  
Falleg og nútímanleg hönnun.  
Passar allstaðar og tekur lítið pláss.  
Stíllanleg frá 225-307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.



**ÚTSALA HAFIN!**

B/A/S/L/E/R *Parisar* TÍZKAN

Skipholtí 29b • S. 551 0770

**Eru flugur, flær eða maurar að ergja þig og bita?**

áhrifaríkur og án allra eiturefna.

Allt að 8 tíma virkni.



**EFFITAN<sup>®</sup>**  
Skordýrafæla

Klár sem betur þá og kemur í gegnum muskúl, maura og flóa bit.

Sannarlega áhrifaríkur og án eiturefna!

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hjá N1

www.gengurvel.is



**GLEÐI VIÐ GRILLIÐ**  
Það er ekki nóg að vera í essinu sínu með grilltöngina. Hæfilegt kæruleysi er ágætt en hundfúlt að bjóða upp á vikulanga magasýkingu með grillmatnum.

NORDIC PHOTOS/GETTY

**NÝTT - NÝTT - SUNDFATNAÐUR FYRIR STÓRU STELPURNAR - TANKINI OG BIKINI**

teg 7603 tankini sem má draga upp í hliðum í stærðum 16-26 á kr. 10.950,  
teg 7600 aðhaldsbuxur í stærðum 16-26 á kr. 5.450,-



teg 7500 - brjósthaldari í E,FFF,GG,H skálum á kr. 10.770,  
teg 7601 pilsbuxur í stærðum 16-26 á kr. 7.885,-



Laugavegi 178 - Sími: 551 3366  
Þú mætir - við mælum og aðstoðum  
www.misty.is  
Opíð frá 10-18 virka daga.  
Lokað á laugardögum í sumar

*Misty* - fyrir allar konur

Vertu vinur

# GRILLUÐ BAKTERÍA

**GRILLUM AF ÁBYRGÐ** Sumardögum fylgir unaðsleg grillangan og glaðvær stemning en aðgát skal höfð. Óvarlegri grillmennsku getur fylgt sýking í maga.

**A**lmennar hreinlætisvenjur virðast fara lönd og leið um leið og grillsvuntan er komin á karlmenn við grill í garðinum.

Þetta eru niðurstöður nýlegrar könnunar sem danska dagblaðið Söndagsavisen lét vinna fyrir sig. Þar kemur fram að 44 prósent karla hirða ekki um handþvott eftir að hafa handleikið hrátt kjöt við grillmennskuna. Tuttugu og átta prósent kvenna stríðir við sama vandamál.

„Það er sláandi að hátt í helmingur danskra karla sér um grillmatinn með kjötsafa á fingrum og án þess að hugleiða nokkru sinni bakteríurnar sem hann inniheldur,“ segir Morten Lisby hjá danska matvælaeftirlitinu. „Það útskýrir hærrí tífni sýkinga í meltingarvegi á sumrin og er sannarlega rússnesk rúlletta gagnvart góðu heilsufari.“

Bakteríur í hráu kjöti geta orsakað vikulöng uppköst og niðurgang. Tölfræði danska Sóttvarnaeftirlitsins sýnir aukningu magasýkinga í góða veðrinu.

„Garðurinn er frumstætt umhverfi og þar sækja hugsanir um hreinlæti síður að fólk. Í garðinum skortir líka aðgengi að rennandi vatni eins og í eldhúsinu þar sem hægt er að þrifa mataráhöld um leið og eldað er,“ útskýrir Kåre Mølback, yfirlæknir hjá Sóttvarnaeftirlitinu. Kjötsafi úr hráu kjöti er mesta heilsu-

farsógnin við grillmennsku, ekki síst í tilbúnum pökkum þar sem kjötbitar úr mörgum áttum hafa blandast saman við marinerunguna. Þannig geta bakteríur í einum kjúklingabita auðveldlega smitast fljótt yfir í annað kjöt í sama pakka. Hættulegustu bakteríurnar eru salmonella og kampýlobakter sem saman valda niðurgangi, uppsólum og hita. Góðu fréttirnar eru þær að finnst bakteríurnar í kjötsafa varnar gott hreinlæti því að þær nái að valda usla.

„Af sömu ástæðu er beinlínis ógnvekjandi að svo margir láti hjá líða að þvo sér um hendur áður en grillmennskunni er haldið áfram,“ segir Morten. Handþvottur dugur þó ekki einn og sér ef koma á í veg fyrir sýkingu eftir ljúfa máltíð við grillið. Margir eru hirðulausir um áhaldanotkun og auka því enn á smithættuna.

Í könnun Söndagsavisen kemur fram að annar hver Dani notar sömu grilltöngina til að meðhöndla hrátt og svo fülleldað kjöt. Þá liggur hrár kjötsafi enn á tönginni sem skapar kjöraðstæður fyrir bakteríur að dreifa sér yfir í grillaða kjötið á ný. Því skal ávallt nota tvær tangir við grillið.

Enn verra er að nota sama kjötfat undir hrátt og eldað kjöt og næstum skotheild aðferð til að valda svæsum sýkingum í meltingarvegi. ■ thordis@365

**SMIT Á PUTTUM**  
Í könnun Söndagsavisen kemur fram að 44 prósent danskra karla þvo sér ekki um hendur eftir að hafa handleikið hrátt kjöt við grillið.

**VARASÖM TÖNG**  
Í sömu könnun kemur fram að 51 prósent danskra karla nota sömu grilltöngina fyrir hrátt og eldað kjöt. Áætla má að tölfræðin eigi að einhverju leyti við um íslenska kynbræður þeirra.

Mind Xtra fyrir konur eins og þig

**Útsala útsala**

**30-50% afsláttur af öllum vörum**

**MIND**  
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði  
Sími 534 0073

Erum við hliðina á Herra Hafnarfirði á 2. hæð.

FJÖRÐUR  
www.fjordur.is

**GRILLUM RÉTT**

1. Þvoð hendur og aðskiljið hrátt kjöt frá öðru hráefni svo bakteríur dreifi sér ekki á milli.
2. Notið tvær grilltangir. Þá fyrstu uns kjötið er brúnað á báðum hliðum því flestar bakteríur sitja utan á kjöti. Í kjúklingi og hökkuðu kjöti ein-skordast bakteríur ekki við ytra byrði þess og því mikilvægt að gegnumsteikja kjötið vel.
3. Notið ávallt tvö steikarföt undir kjötmeti; eitt fyrir hrátt og annað fyrir steikt. Hafið hugfast að aðeins lítill dropi af kjúklingavökva getur smitað heila fjölskyldu. Því liggur urmull baktería í kjötsafa á einu fati.



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFID | SJÓNVARP

**UMDEILDIR PISTLAR**

**vísir**  
- oft á dag

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473  
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432  
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**











ICELANDAIR VALITOR

# DRAUMURINN RÆTIST




**VISA**  
BOÐGREIÐSLUTILBOÐ  
**10%** AFSLÁTTUR  
OFAN Á  
VILDARAFSLÁTT  
Ef greitt er með VISA  
greiðslukorti

## Á FÖSTUDAGINN

Skelltu þér í óborganlega skemmtiferð um Evrópu með fjórum fyndnustu fjörkálfum þjóðarinnar. Auddi og Steindi gegn Pétri Jóhanni og Sveppa í kostulegum ferðaleik sem gengur út á að safna stigum fyrir hin ótrúlegustu uppátæki. Hláturtaugarnar heimta áskrift í júlí! Þú mátt ekki missa af Evrópska draumnum!

Tryggðu þér áskrift í síma 512 5100 eða á [stod2.is](http://stod2.is)



**krossgáta****LÁRÉTT**

2. lingeðja, 6. gyltu, 8. vafi, 9. pota, 11. hreyfing, 12. tala, 14. akstursírótt, 16. í röð, 17. að, 18. rekkja, 20. til dæmis, 21. málmur.

**LÓÐRÉTT**

1. lofttegund, 3. tveir eins, 4. ágrip, 5. reik, 7. hliðarspor, 10. angra, 13. hnoðað, 15. rotnunarlykt, 16. stjórnvallur, 19. skóli.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2. meyr, 6. sú, 8. efi, 9. ota, 11. í, 12. númer, 14. rally, 16. b.d, 17. til, 18. rúm, 20. td, 21. úran.  
LÓÐRÉTT: 1. óson, 3. ee, 4. yfirhl, 5. ríð, 7. útdrúð, 10. ama, 13. elt, 15. ylda, 16. brú, 19. ma.

**Útlendingar vita ekkert****BAKÞANKAR Kolbeins Óttarssonar Proppé**

Við Íslendingar erum um margt sérkennilegur hópur. Ekki skortir okkur sjálfsálitið og við virðumst trúá því að við gerum allt öðrum betur. Meira að segja hrúnið okkar var mest og best. Og, eðli málsins samkvæmt, vitum við allra best hvað okkur sjálfum er fyrir bestu, hvernig ástandið er hér í raun, hvað er vel gert og hvað illa. Þetta væri hið besta mál ef við værum dugleg í sjálfskoðun, ræktuðum hugann, gerðum siðferðisleg reikningsskil reglulega. Það gerum við hins vegar ekki, síður en svo. Við veifuðum rannsóknarskýrslu Alþingis eins og hjálpraði voru fyrst eftir að hún kom út, en svo fennti yfir hana og gagnrýnin gleymdist. Aftur vitum við allt best.



**GAGNRÝNI** útlendinga fyrir hrún fékk ekki háa einkunn hjá Íslendingum. Við fusuðum og sveiðuðum yfir vankunnáttu þessa forpokaða fólks sem ekki skildi okkar innsta eðli. Dönsk gagnrýni skrifaðist á öfund og bresk á ótta. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, ráðherra Sjálfstæðisflokksins, ráðlagði þeim útlendingum sem gagnrýndu loftbólú íslensks efnahags að fara á endurmenntunarnámskeið. Og ekki dró Ólafur Ragnar Grímsson forseti af sér við viðhald mýttunnar um einstakt eðli Íslendinga sem aðrar þjóðir skildu ekki.

**HRUNID** er nú frá og háir og lágir hafa fengið sinn kattarþvott. Íslendingar standa eftir hreinir og stroknir og tilbúnir til að takast á við verkefni dagsins á ný. Og þau felast meðal annars í því að skella skollaeyrum við því sem útlendingar segja.

**NÚ** ber hins vegar svo við að útlendingarnir eru bara nokkuð ánægðir með það sem þeir sjá hér á landi ísa. Hagfræðingar, viðskiptafræðingar, stjórnáamenn, bankamenn; fjöldi fólks hefur lokið lofsorði á þann viðsnúning sem hér hefur orðið í íslensku efnahagslífi. Þeir hafa sagt að það að fara úr 216 milljarða króna halla á ríkissjóði árið 2009 í jöfnuð árið 2014, sem öll teikn á lofti eru um að náist, sé harla gott. Nýlegt skuldabréfaútbod íslenska ríkisins sýnir einnig að trúin á íslenskt efnahagslífi hefur styrkst til muna. Í útlöndum. Ekki á Íslandi.

**VISSULEGA** er margt gagnrýnivert við það hvernig tekið hefur verið á málum eftir hrún. Fjöldmargt. Það eru hins vegar ótal jákvæð teikn á lofti, hverju sem það er að þakka. Séu erlendir spekingar duglegir við að hrósa þér fyrir hvað þú hefur gert, má færa rök fyrir því að það sé ágætlega gert.

**GLÖGGT** er gests augað segir góður og gegn íslenskur málsháttur. Hann er nú í gleymsku.

**myndasögur****■ Pondus**


Eftir Frode Øverli

**■ Gelgjan**

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman

**■ Handan við hornið**

Eftir Tony Lopes

**■ Barnalán**

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman

**Á FERÐIN UM LANDIÐ**

MUGISON, WAGNÚS OG ELISABET, YLFA MIST

**VIÐ VERÐUM Í BOLUNGARVÍK UM HELGINA**

Bylgjan á Bolungarvík

**ÆVINTÝRAEYJAN MED HEMMA GUNN OG SVANSÍ**

Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansí á Bylgjunni. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna. Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.

**BYLGJULESTIN** verður á ferð og flugi út um allt land í sumar. Hlökkum til að sjá ykkur!

**BYLGJULESTIN Í SUMAR**

9. JÚNÍ	Selfoss
16. JÚNÍ	Hafnarfjörður
23. JÚNÍ	Hveragerði
30. JÚNÍ	Bolungarvík
7. JÚLÍ	Vestmannaeyjar
14. JÚLÍ	Flúðir
21. JÚLÍ	Blönduós
28. JÚLÍ	Siglufjörður og Fáskrúðsfjörður
11. ÁGÚST	Dalvík
18. ÁGÚST	Reykjavík

Jú, það getur verið mjög þægilegt að ferðast í tímavél, en ég er samt alltaf fastur í fortíðinni.

# Heilsaðu deginum með hollustu



Havre Fras er ein af fáum morgunkornstegundum sem uppfylla hollustukröfur Skráargatsins. Fáðu þér Havre Fras í morgunmat og þér líður betur allan daginn.

**LISTAMANNASPIJALL HJÁ SÍM** Skúlptúrlistakonan Guðrún Nielsen heldur listamannaspjall á síðasta degi sýningar sinnar en hún er listamaður júnímánaðar í SÍM-húsinu, Hafnarstræti 16. Ljósmyndir og módel af verkum verða til sýnis ásamt hluta af nýju verki sem er skúlptúr, myndband og h-ljóðverk.

## Gummi Jóns á Rósenberg

Guðmundur Jónsson, gítarleikari Sálarrinnar hans Jóns míns, heldur tónleika ásamt hljómsveit á Rósenberg við Klapparstíg í kvöld.



GUÐMUNDUR JÓNSSON

Á dag-skrá eru lög Guðmundar úr ýmsum áttum, ný og gömul, en flest þó af sólóplötunum Japl, Jaml og Fuður sem komu út á síðastliðnum árum.

Með Guðmundi spila þeir Jón Björgvinsson á trommur og slagverk, Pétur Kolbeinsson plokka bassa og Ingvar Alfreðsson leikur á hljómborð. Tónleikarnir hefjast klukkan 22 og er aðgangseyrir 1.500 krónur.

## Djass og fönk á Kex

Hljómsveitin Jazz and funk leikur á næstu tónleikum djasstónleikaraðarinnar á KEX Hosteli í kvöld klukkan 21.

Hljómsveitina skipa gítarleikarinn Ásgeir Ásgeirsson, trompetleikarinn Snorri Sigurðarson, bassaleikarinn Ingi Björn Ingason og trommuleikarinn Erik Qvick. Hljómsveitin leikur djass og fönktónlist frá 6. og 7. áratug síðustu aldar, þar á meðal lög eftir Billy Cobham, John Scofield og The Crusaders.

Tónleikarnir standa í um tvær klukkustundir. Aðgangur er ókeypis.



**SUMARIÐ ER TÍMINN** ... þegar bækur rjúka út. Egill Örn Jóhannsson hjá Forlaginu og Guðrún Vilmundardóttir hjá Bjarti eru sammála um að bókamarkaður sé orðinn öflugur á vorin og sumrin, sem skili sér meðal annars í aukinni frumútgáfu á íslenskum skáldverkum, sem var nær eingöngu bundin við jólabókaflóðið.

# Æ fleiri skáldsögur koma út á sumrin

Það er af sem áður var þegar íslenskar skáldsögur voru nær eingöngu gefnar út í jólabókaflóðinu. Að minnsta kosti fimm skáldsögur hafa komið út í frumútgáfu það sem af er sumri. Útgefendur tala um stökkbreytingu í bókasölu.

Fyrir örfáum árum heyrði það til algjörra undantekninga að íslenskt skáldverk kæmi út á öðrum tíma árs en fyrir jól. Á undanförunum árum hefur þó meira borið á að íslenskum skáldsögum sem gefnar eru út utan jólabókaflóðsins, gjarnan í kiljuútgáfu, með góðum árangri, svo sem Makalaus Tobbu Marinós og Handbók um hugarfar kúa eftir Bergsvein Birgisson, sem komu báðar út að sumarlagi. Í vor og sumar hafa að minnsta kosti fimm skáldsögur og eitt smásagnasafn og nokkrar ljóðabækur komið út í frumútgáfu. Af útgefnum skáldverkum má nefna Korter eftir Sólveigu Jónsdóttur, Leikarann eftir Sólveigu Pálsdóttur,

Það kemur alltaf annar dagur eftir Unni Birnu Karlsdóttur, Sýslumaðurinn sem sá álfa eftir Erni K. Snorrason og nú síðast Ást í meinum eftir Rúnar Helga Vignisson.

„Bóksala á Íslandi hefur í raun tekið stökkbreytingum á aðeins tíu árum og er orðinn til mjög öflugur markaður með bækur á vorin og sumrin,“ segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, sem gefur út flesta titla. Fyrir áratug hóf JPV kiljuútgáfu af krafti, með frumútgáfu afþreyingarbóka í kilju fyrir sumartímamann. „Í upphafi var þetta blanda nýrra þýðinga og svo endurútgáfna á metsölubókum jólanna á undan. Þetta fór afar vel af stað og á örfáum árum bæði margfaldaðist útgáfan og salan. Nú er svo komið að meirihluti tekna Forlagsins kemur á því sem kalla mætti „öðrum árstíma“, það er öðrum tíma en um og fyrir jól.

Fyrir nokkrum árum fór Forlagið að reyna frumútgáfu íslenskra skáldsagna, bæði kiljur og innbundnar útgáfur, og var reynslan svo góð að sögn Egils að útgáfan hefur verið að aukast jafnt og þétt á hverju ári. „Vorið 2010 kom til dæmis út í kilju bókin Missir eftir Guð-

berg Bergsson. Hana sendum við jafnframt frá okkur á jólamarkaðinn seinna sama ár og þá í innbundinni útgáfu.“

Egill segir að sumarútgáfa geti verið vænlegur kostur fyrir höfunda sem eru að stíga sín fyrstu skref. „Það getur verið mjög erfitt að gefa út sína fyrstu bók fyrir jól á sama tíma og allar helstu kanónur eru að bítast um athyglina og í raun minni líkur en meiri að slíkt gangi upp, þótt um það séu vissulega dæmi. En eins og staðan er orðin nú fer því fjarri að útgáfa að vori þurfi að vera lakari kostur en útgáfa fyrir jól.“

Guðrún Vilmundardóttir hjá Bjarti tekur undir með Agli um að breyting hafi orðið á bókasölu og útgáfumynstri undanfarin ár og telur að hún sé komin til að vera. „Það er vissulega öðruvísi stemning en á haustin, ekki jafn mikið stuð og athygli bókafélks og gagnrýnenda kannski ekki jafn einbeitt. En á móti kemur er sviðið auðara en fyrir jól. Kilja er ódýrari en innbundin bók, fólk grípur þær frekar með og þetta getur skapað öðruvísi tækifæri fyrir höfunda.“

bergsteinn@frettabladid.is



Ný uppskriftasíða  
www.heilsurettir.is

Þúðu til þína  
uppáhaldsuppskrift  
með Hálsans Kök  
grænmetisréttum



DAVÍÐ A. STEFÁNSSON „Við reynum að koma auga á hið sérkennilega, taka eftir fólki, greina stemningu í umhverfinu og miðla hugsunum á blað,“ segir skáldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR EYJÓLFSSON

## Hugarflug, skrif og sköpun

„Ég er með sjö krakka í skrifaræfingu akkúrat núna og svo er annað námskeið í næstu viku,“ segir Davíð A. Stefánsson, ljóðskáld og bókmenntafræðingur, sem kennir fólki á aldrinum 12 til 16 ára að kafa ofan í eðli þess að segja sögu. Námskeiðin hans nefnast Sköpunarskólinn – sögur og kvikmyndir og eru til húsa í Vesturreitum, félagsmiðstöð á Aflagrandu 40, Reykjavík.

Davíð segir markmið námskeiðsins vera það að efla sjálfstraust og frelsi unga fólksins til að treysta eigin sköpunarkrafti og skilja

valdið sem felist í honum. „Námskeiðið er mátuleg blanda af hugarflugi, skrifum, greiningu á kvikmyndum og hvetjandi fyrirlestur um sköpunargáfuna,“ segir hann. „Auk þess förum við í fjölbreyttar vettvangsferðir og athyglisæfingar, reynum að koma auga á hið sérkennilega, að taka eftir fólki, greina stemningu í umhverfinu og miðla hugsunum á blað í eigin orðum.“

Davíð kveðst hafa kennt skapandi skrif í Listaháskólanum, Kvikmyndskólanum og Myndlistaskóla Reykjavíkur og í fyrrasumar á

eigin vegum. „Í fyrri var ég ekki formlega með þennan kvikmyndavinkil sem ég er með núna en unga fólkið horfir mikið á kvikmyndir og þær eru auðvitað sögur í grunninn.“ Hann segir frelsið mikið sem krakkarnir hafi enda sé um hugmyndanámskeið að ræða, en fá þau heimaverkefni? „Þau eru í sumarfrí svo ég vil ekki senda með þau með heimalærdóm beint. Þau fá því ekki skylduverkefni heim heldur hvatningu,“ svarar hann og segir næsta námskeið vera dagana 2. til 6. júlí frá klukkan 12.30 til 15.30 og pantanir á david@ljod.is. - gun

# Fjölskylduvæðir

- Eyðslugrannir og með fimm stjörnu öryggi

## Peugeot 3008

- sjálfskiptur, dísil

Meðaleldsneytiseyðsla frá 4,7L/100km  
CO<sub>2</sub> útblástur frá 122g

kr. **4.590.000**



## Peugeot 5008

- 7 manna, sjálfskiptur, dísil

Meðaleldsneytiseyðsla frá 4,8L/100km  
CO<sub>2</sub> útblástur frá 125g

kr. **4.760.000**



MOTION & EMOTION




PEUGEOT



Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bilver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535





**30% MINNI LÍKUR** eru á brjóstakrabbameini stundi kona reglulega líkamsrækt. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn á vegum Lyðheilsudeildar Háskólans í Norður-Karólínu um samspil líkamsræktar, þyngdar og brjóstakrabbameins.

## Strákar kyssa fleiri froska

**KYNLÍF** Meðalkona þarf að kyssa 22 menn áður en hún hittir á hinn eina sanna ef marka má rannsókn stefnumótasiðunnar meeteez.com. Ekki dugir það þó til því að meðaltali þarf hún einnig að ganga í gegnum ástarsorg fimm sinnum, eiga einnar nætur gaman sex sinnum, þola að láta halda framhjá sér fjórum sinnum og eiga að minnsta kosti eitt ástarsamband sem hófst á Internetinu.

Karlmenn þurfa hins vegar aðeins fleiri tilraunir til því þeir þurfa að kyssa 23 stelpur, eiga tíu skyndikynni og lenda í ástarsorg sex sinnum.



# BARDAGAÍPRÓTTA-GALLAR Á UNGABÖRN

**Berglind Baldursdóttir hóf framleiðslu á ungbarnagöllum í bardagaípróttastíl árið 2009. Gallarnir hafa gert góða hluti erlendis og eru nú til sölu hér á Íslandi líka.**

**TÍSKA** „Ég datt bara inn í þetta alveg óvart þegar bróðir minn, sem er bardagaípróttamaður, eignaðist barn. Mig langaði að gefa barninu gjöf sem tengdist sporti pabbans en fann hvergi neitt svo ég ákvað að búa til galla sjálf. Ég var rosalega ánægð með útkomuna og ákvað að fara lengra með þessa hugmynd, en sjálf er ég ekkert lærd í fatahönnun eða neinu svoleiðis,“ segir Berglind um Baby gi ungbarnagallana sem hún framleiðir undir vörumerkinu Baby Grappling.

Gallarnir líta út eins og alvöru bardagaípróttagallar en eru sérhannaðir fyrir ungbörn. Hægt er að fá þá í þremur litum, hvítum, rauðum og bláum, og í stærðum 62 til 92. „Svo getur fólk leikið sér svolítið með litina, því það er hægt að kaupa belti í sex mismunandi litum,“ segir Berglind. Hún segir hugsunina á bak við gallana vera svipaða og með fótboltaþúningana sem er hægt að fá niður í minnstu stærðir. Gallarnir eru hugsaðir sem hversdagsföt en þeir eru gerðir úr mjög mjúkri bómull og hannaðir þannig að þeir séu þægilegir fyrir börnin að leika sér í og að sitja í í lengri tíma.

Berglind segir fólk kaupa gallana þó það tengist ekki bardagaípróttum en það sé þó mikið um að feður kaupi þá á börnin sín. „Ég hef fengið mikið sent af myndum þar sem pabbinn heldur stoltur á barninu sínu og þau eru alveg í stíl. Það er rosalega gaman,“ segir Berglind. Gallarnir eru búnir að vera í sölu á Amazon síðustu mánuði en ekki var hægt að kaupa þá hérlandis í fyrstu. Nú eru þeir þó komnir í sölu í Útilífi í Glæsibæ og kosta 5.490 krónur. „Við ákváðum



**BARDAGABÖRN** Baby Gi gallarnir frá Berglinni hafa verið að slá í gegn bæði í Evrópu og Ameríku. Þeir eru nú loksins komnir í sölu á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

að reyna að halda verðinu á þeim nær því sem tíðkast í Evrópu, sem er auðvitað töluvert lægra þar sem enginn virðisauki er á barnavörum þar,“ segir Berglind.

Berglind lætur þó ekki staðar numið við gallana því væntanlegar eru samfellur með áprentuðum slagorðum tengdum bardagaípróttum. Þær eru væntanlegar í

sölu fyrir næstu jól. Á svipuðum tíma er einnig væntanleg frá henni fyrirburalína sem er sérstaklega hönnuð með börn á vökudeild í huga. Hægt er að skoða Baby gi gallana betur á heimasíðunni babygi.com og fylgjast með þróun fyrirburalínunnar á Facebook síðunni Tamiko-Preemie & NICU.

tinnaros@frettabladid.is

## PHILIPS LED SJÓNVÖRÞ EM TILBOÐ



**Philips 40PFL5507T**  
• 40 3D Smart LED sjónvarp  
• Full HD Pixel Plus HD  
• 2D-3D conversion (2D í 3D)  
• 400Hz Perfect Motion  
• 4 HDMI og 3 USB tengi  
• Smart TV - þráðlaus netvafri  
• Wi-Fi þráðlaus móttakari  
• Skype möguleiki

**VERÐ**  
**249.995**

FRÁBÆRT VERÐ

FÆST EINNIG Í 46"  
Philips 46PFL5507T 299.995

**3D BLU-RAY SPILARI FYLGIR TÆKJUNUM**



**Heimilistæki** ht.is

## Hvað segir fjöldi bólfélaga?

**KYNLÍF** Drusla er mér hugleikið orð. Á heimili mínu táknar það að vera sódalegur til fara eða það sé skítugt inni hjá þér. Sem uppreisnargjarn og latur unglingur fékk ég oft að heyra ég væri drusla. Ég tók það ekkert sérstaklega inn á mig þar sem ég vissi upp á mig sökina. Ég nennti ekki að taka til og mér var alveg sama þó það væri gat á erminni á peysunni, hún var keypt á kílómarkaði í Spútnik og var í uppáhaldi. Ég var bara drusla og stolt af því.

Svo breyttist merking orðsins drusla. Ég fór að heyra þetta frá samnemendum mínum og þeir áttu ekki við tiltekt eða götöttar flíkur (sem þó voru í tísku). Nei, það var út af orðrómi um sleik við einn eða tvo. Eða kannski var það meira en sleikur, gott ef það var ekki orðrómur um að ég hefði handjárn að einhvern við ofn og komið vilja mínum fram við hann, eða handjárnnaði hann mig? Það skiptir ekki máli því sögurnar voru svo ótal margar. Stelpur og strákar fleygðu þessu orði sín á milli og þótti þetta hámark niðurlægingarinnar, svona ég-myndi-sko-aldreji-gera.

Nú, tæpum tuttugu árum seinna, segja unglingsmeyjar mér sömu söguna. Þær eru druslur því þær fóru í sleik við eða leyfðu hinum hitt



**HÆTTUM AÐ STIMPLA** Fjöldi bólfélaga segir ekkert um hjarta og vitsmuni fólks.

og þetta kynferðislegt (leyfðu. Einmitt. Efni í annan pistil). Stimpilinn getur verið erfitt að afmá og eftir situr kynferðislega forvitin stelpa sem skilur ekki af hverju hann má fara í sleik en ekki hún. Það er ekki auðlifað í unglingsheimi þegar kynveran er í mótun. Ætli það sé betra að vera „nunna“ heldur en drusla?

Í hverri einustu kynfræðslu sem ég flyt er ég spurð hversu mörgum ég hafi verið með og hvað ég hafi prufað. Yfir 1.500 unglingar, takk fyrir. Það er líkt og sumar sárþæni mig um að nefna háa tölu svo þeirra tala líti betur út í samanburði, eða þeir vilja benda og hía og kalla drusla, drusla, drusla! Jafnvel hafa þeir fundið ástæðu fyrir sérfræðimenntuninni. Sem svar við þessum fróðleiksþorsta tileinka ég nú tuttugu mínútum í samræður um kynlífskurteisi og rök fyrir því að fjöldi bólfélaga sé ekki mælikvarði á kynferðislega getu viðkomandi né hæfni.

Hvað segir fjöldi bólfélaga þér um hjarta og vitsmuni manneskjunnar? Akkúrat ekki neitt. Við skulum því hætta að nota orðið drusla til að tala um kynferðislegar athafnir annarra sem koma okkur ekki við. Hættum að stimpla, dæma og hía; og breytum samræðum okkar um kynlíf!

**KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!**

Sendu **Sígu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnir gæti birst í Fréttablaðinu. kynlif@frettabladid.is





FLOTT Sarah Burton hannaði kjól Kate Middleton. NORDICPHOTOS/GETTY

## Burton fær orðu drottningarinnar

**TÍSKA** Fatahönnuðurinn Sarah Burton hefur fengið orðu frá bresku drottningunni fyrir framlag sitt til breskrar fatahönnunar. Burton, sem tók við tískuhúsi Alexanders McQueen eftir að hann lést árið 2010, hannaði brúðarkjól Katrínar hertogaynju af Cambridge er hún gekk í það heilaga með Vilhjálmi Bretaprins í fyrra. Kjóllinn þótti einkar vel heppnaður hjá Burton.

Orðan sem Burton fékk við hátíðlega athöfn í höllinni nefnist Officer of the most Excellent Order of the British Empire. Alexander McQueen varð einnig þess heiðurs aðnjótandi að fá orðu á meðan hann var á lífi en hann tók á móti orðunni Commander of the most Excellent Order of the British Empire, árið 2003, sem er einu þrepi hærri en orða Burton.



**VIÐURKENND** Sarah Burton, yfirhönnuður tískuhússins Alexander McQueen, fékk orðu frá drottningunni fyrir framlag sitt til breskrar fatahönnunar og fyrir brúðarkjól Katrínar hertogaynju af Cambridge.



**RAUÐUR SÓLI** Skóhönnuðurinn Christian Louboutin á ekki einkarétt á skóm með rauðum sóla. NORDICPHOTOS/GETTY

## Zara vann Louboutin

**TÍSKA** Spænska fatamerkið Zara vann mál sem skóhönnuðurinn Christian Louboutin höfðaði gegn fyrirtækinu árið 2008. Ástæða málsins var að Zara seldi skó með rauðum sóla, en það taldi Louboutin sig hafa einkarétt á. Málið hefur verið lengi á leið sinni í gegnum réttarkerfið í Frakklandi sem komst á dögnum að þeirri niðurstöðu að Zöru er leyfilegt að selja skó með rauðum sóla og þarf Louboutin því að greiða verslunarkeðjunni vinsælu um hálf milljón í skaðabætur.

Louboutin er eitt frægasta skómerki í heimi og rauði sólinn táknrænn fyrir merkið. Louboutin er rándýrt merki og því gleðiefni fyrir tískuáhugamenn að geta keypt sér skó með rauðum sóla á viðráðanlegu verði.

# „Pop-up“ á tískuviku Berlínar

**TÍSKA** „Við erum í öllum fjölmiðlum hérna og þar hefur verið sagt að Ísland og Grænland komist með þessu á kortið í tískuheiminum,“ segir Hulda Rós Guðnadóttir, listrænn stjórnandi verkefnisins dottirDottir, sem er hluti af dagskrá tískuvikunnar í Berlín sem fram fer dagana 3. til 8. júlí.

Verkefnið er „pop-up“ verslun sem selur íslenska, grænlandska og færeyska framúrstefnuhönnun á sviði fatahönnunar og handverks. Verslunin verður óhefðbundin en um er að ræða innsetningu eftir Huldu, sem er bæði myndlistar- og kvikmynda-

gerðarkona. Tilgangur verkefnisins er að vekja athygli á hönnuðum fyrrnefndra Norðurlanda sem hefur ekki náð jafn langt og sænsk og dönsk fatahönnun.

Íslenskir hönnuðir verða í aðalhlutverki en hönnuðir merkjanna Munda, Eyglóar, Hlínar Reykdal, DisDis, Hringu og Scintillu taka þátt og er þetta þeim dýrmætt tækifæri. „Það er mjög erfitt að komast inn á þýskan markað en hann er sterkastur í Evrópu. Við erum í samskiptum við fyrirtæki sem er með fjölda innkaupastjóra á sínum snærum,“ segir Hulda.

„Það er rosalegt fyrir hönnuðina að komast í samband við þá. Jafnframt hefur hinn ítalski Nino Cerruti, ein af goðsögnum tískuheimsins á 20. öld, boðað komu sína og ætlar að styrkja nokkra hönnuðanna,“ segir Hulda, en þessi tískujöfur er stofnandi hátískuhússins Cerruti. Hún bætir við að verkefnið hafi fengið mikla umfjöllun í Þýskalandi, þar á meðal í Vogue, Elle, Interview, Glamour, Deutsche Zeitung og á mörgum tískubloggum. Verslunin opnar 5. júlí kl. 19 fyrir almenning og er til húsa á Torstrasse 68.   
- hpt



**GOTT TÆKIFÆRI** Hulda segir verslunina vera mikið tækifæri fyrir íslenska, grænlandska og færeyska hönnuði en Mundi og Eygló taka þátt í verkefninu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Allra síðustu sætin

3. eða 13. júlí **Frá kr. 47.450**  
í 11 nætur

**Bodrum** í Tyrklandi

**2 FYRIR 1 TIL TYRKLANDS** Frá kr. 47.450  
Flugsæti með sköttum m.v. 2 fyrir 1 tilboð 3. júlí eða 13. júlí. Verð áður kr. 94.900.

**Ótrúlegt tilboð – allra síðustu sætin**  
Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu meðan á dvölinni stendur.

Verðdæmi fyrir gistingu – allt innifalið:  
**Frá kr. 51.500**  
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn á Bitez Garden 3. júlí í 10 nætur með öllu inniföldu. Verð á mann í tvíbýli kr. 73.500.

3. júlí frá aðeins kr. **34.950**

**Costa del Sol**

**2 FYRIR 1 TIL COSTA DEL SOL** Frá kr. 34.950  
Flugsæti með sköttum m.v. 2 fyrir 1 tilboð 3. júlí. Verð áður kr. 69.900.

Verðdæmi fyrir gistingu með öllu inniföldu:  
**Frá kr. 68.200**  
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð á Bajondillo 3. júlí í 14 nætur. Verð á mann m.v. tvo fullorðna í studio íbúð kr. 68.800.

10. júlí frá aðeins kr. **34.950**

**Mallorca**

**2 FYRIR 1 TIL MALLORCA** Frá kr. 34.950  
Flugsæti með sköttum m.v. 2 fyrir 1 tilboð 10. júlí. Verð áður kr. 69.900.

Verðdæmi fyrir gistingu með öllu inniföldu:  
**Frá kr. 61.200**  
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð á Club Cala D'Or Park 10. júlí í 14 nætur. Verð á mann m.v. tvo fullorðna í studio íbúð kr. 74.800.

Skráðu þig í netklúbb Heimsferða og fáðu send öll tilboð.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



**midí.is** Miðasala og nánari upplýsingar

**LAUGARÁS BÍÓ** www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

**PRÍÐJUDAGSTILBOÐ**

**WHAT TO EXPECT** KL. 5.35 - 8 - 10.25 L

**MADAGASCAR 3 3D** KL. 3.40 - 5.50 L

**MADAGASCAR 3 2D** KL. 3.30 L

**PIRANHA 3D** KL. 8 - 10.10 16

**INTOUCHABLES** KL. 5.30 - 8 - 10.30 12

**SNOW WHITE & THE HUNSMAN** KL. 8 - 10.10 16

**PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR**

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
WHAT TO EXPECT	5.50, 8, 10.15
INTOUCHABLES - ISL. TEXTI	4, 8, 10.20
MADAGASKAR 3 3D	4, 6
MADAGASKAR 3 2D	4
SNOW WHITE	7, 10

**SMÁRÁBÍÓ** GLERAUGU SELÐ SÉR 5% **HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIDÍ.IS 5%

**WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING** KL. 5.35 - 8 - 10.25 L

**MADAGASCAR 3D ISL. TAL.** KL. 3.40 - 5.50 L

**MADAGASCAR 2D ISL. TAL.** KL. 3.30 L

**PIRANHA 3D ÓTEXTUÐ** KL. 8 16

**PROMETHEUS 3D** KL. 5.20 - 8 - 10.30 16

**PROMETHEUS 3D LÚXUS** KL. 10.30 16

**PROMETHEUS 2D** KL. 10 16

**MIB 3 3D** KL. 5.30 - 8 - 10.30 10

**WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING** KL. 5.35 - 8 - 10.25 L

**INTOUCHABLES** KL. 5.30 - 8 - 10.30 12

**PROMETHEUS 3D** KL. 6 - 9 16

**MOONRISE KINGDOM** KL. 8 - 10.10 L

**MIB 3 2D** KL. 5.30 10

**BORGARBÍÓ** PRÍÐJUDAGSTILBOÐ GILDA BAKI Í BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIDÍ.IS

**WHAT TO EXPECT WHEN...** KL. 5.45 - 8 - 10 L

**PIRANHA 3D** KL. 10.20 16

**PROMETHEUS** KL. 5.45 - 8 16

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

**SAMBÍÓINN** **SAMBIO.IS** SYMPTÓTI

FRÁ LEIKSTJÓRA HAIRSPRAY KEMUR PARTÝMYND SUMARSINS

**ROCK OF AGES** **TILBOÐ**

**MADAGASCAR 3** **TILBOÐ**

Ástir, kynlíf og Rokk og Ról

JULIANNE HOUGH DIEGO BONETA RUSSELL BRAND PAUL GIAMATTI CATHERINE ZETA-JONES MALIN AKERMAN MARY J. BLIGE ALEC BALDWIN TOM CRUISE STACEE JAXX

BAU HAFU EITT TÆKIFÆRNI TIL AÐ KOMAST AFTUR HEIM

SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI - SÝND Í 2D OG 3D

**ALFABAKKA**

ROCK OF AGES KL. 5:20 - 8 - 10:40 2D 12

ROCK OF AGES LUXUS VIP KL. 5:20 - 8 - 10:40 2D 12

MADAGASCAR 3 M/ISL.TALI KL. 3:40 - 5:50 3D L

MADAGASCAR 3 M/ISL.TALI KL. 3:40 - 5:50 2D L

MADAGASCAR 3 ENSKU.TALI KL. 8 2D L

SNOW WHITE KL. 8 - 10:10 2D 12

LOL KL. 3:40 - 5:50 - 8 2D 12

THE RAVEN KL. 10:40 2D 16

THE DICTATOR KL. 5:50 - 8 - 10:10 2D 12

THE AVENGERS KL. 10:10 2D 10

UNDRALAND IBBA M/ISL.TALI KL. 3:40 2D L

**AKUREYRI**

ROCK OF AGES KL. 8 - 10:30 2D 12

MADAGASCAR 3 ISL.TAL. KL. 6 3D L

UNDRALAND IBBA ISL.TAL. KL. 6 2D L

LOL KL. 8 2D 12

SAFE KL. 10 2D 16

**SELFOSS**

LOL KL. 6 - 8 - 10 12

UNDRALAND IBBA ISL.TAL. KL. 6 L

SAFE KL. 8 - 10 16

**EGILSHÖLL**

ROCK OF AGES KL. 5:25 - 8 - 10:35 2D 12

PROMETHEUS KL. 5:25 - 8 - 10:35 3D 16

PROMETHEUS KL. 10 2D 16

MADAGASCAR 3 ISL.TAL. KL. 5:30 3D L

MADAGASCAR 3 ISL.TAL. KL. 6 2D L

MADAGASCAR 3 ENSKU.TALI KL. 8 2D L

SNOW WHITE KL. 8 2D 12

THE RAVEN KL. 10:40 2D 16

**KRINGLUNNI**

ROCK OF AGES KL. 5:20 - 8 - 10:40 2D 12

MADAGASCAR 3 M/ISL.TALI KL. 5:50 - 8 3D L

MADAGASCAR 3 M/ISL.TALI KL. 5:50 2D L

MADAGASCAR 3 ÓTEXTUÐ ENSKU.TALI KL. 10:10 3D L

THE LUCKY ONE KL. 8 2D 12

DARK SHADOWS KL. 10:10 2D 12

**KEFLAVÍK**

ROCK OF AGES KL. 10:20 2D 12

WHAT TO EXPECT... KL. 8 2D 12

LOL KL. 8 2D 12

SAFE KL. 10 2D 16

**PRÍÐJUDAGSEÍÐI Í DAG** TRYGGU ÞÉR NIÐRÁ Á SAMBIO.IS



**MARGIR GULLMOLAR** Það kennir ýmissa grasa í búningageymslu Þjóðleikhússins sem neyðist til að grynnka á safninu og verður því opnað áhugaleikhópum og almennungi. Fyrstur kemur, fyrstur fær en allt er gefins. Sigurlaug sést hér í ballettbúningi sem saumaður var á karlmanni í Snædrottningunni og með henni er Ríkkí í leðurfrakka úr verkinu Bakkyrnur.

# Gefa búninga Þjóðleikhússins

„Það leynast þarna búningar inn á milli sem fólk á eftir að kannast við frá fjöllum Þjóðleikhússins,“ segir Sigurlaug Þorsteinsdóttir, markaðsstjóri Þjóðleikhússins, sem grynnkar á búningasafni sínu á morgun.

Um er að ræða ógrynni af búningum sem hafa safnast saman í 62 ára sögu Þjóðleikhússins en í tilefni af flutningi geymslunnar ætlar leikhúsið að bjóða áhugaleikhópum og almennungi að njóta góðs af herlegheitunum. Áhugaleikhópar landsins njóta forgangs og fá að mæta klukkan 12 en dyr búningageymslunnar opnast fyrir almennung klukkan tvö. Búningageymslan er í Skútuvogi 4.

„Þetta verður vonandi líf og fjör, svona fyrstur kemur, fyrstur fær

stemning. Ég vona að sem flestir láti sjá sig því okkur er umhugað um að allir fái að njóta góðs af þeim gullmolum sem hér eru í boði,“ segir Sigurlaug en undirstrikar þó að Þjóðleikhúsið sé ekki að losa sig við það elsta og dýrmætasta. „Sumir búningar eru einfaldlega orðnir þjóðargersemar og því erfið að láta þá frá sér en nóg er þó í boði.“

stemma. Ég vona að sem flestir láti sjá sig því okkur er umhugað um að allir fái að njóta góðs af þeim gullmolum sem hér eru í boði,“ segir Sigurlaug en undirstrikar þó að Þjóðleikhúsið sé ekki að losa sig við það elsta og dýrmætasta. „Sumir búningar eru einfaldlega orðnir þjóðargersemar og því erfið að láta þá frá sér en nóg er þó í boði.“

# Fann þá einu réttu



Leonardo DiCaprio hefur verið í sambandi með fyrirsætunni Erin Heatherton í átta mánuði og telja vinir leikarans að hann hafi loks fundið þá einu réttu.

„Leo hefur áttað sig á því að hann hefur fundið konu sem er ekki einungis falleg heldur einnig hæfileikaríkur íspróttamaður. Erin elskar hvers kyns íþróttir og ætlaði sér að verða atvinnukona í körfubolta áður en henni bauðst að gerast fyrirsæta,“ var haft eftir innanbúðarmanni. DiCaprio er mikill körfubolta-aðdáandi og er heimili hans í Los Angeles meðal annars búið stærðarinnar körfuboltavelli.

„Hann hefur fundið fallega, gáfaða stúlku sem deilir áhugamálu hans og gæti verið framtíðareiginkona hans,“ sagði vinur leikarans.

**ÁSTFANGINN** Leonardo DiCaprio gæti hafa fundið hina einu réttu í fyrirsætunni Erin Heatherton.



**SKAPANDI** Gwen Stefani vill að synir sínir séu skapandi í hugsun.

# Synirnir skapandi

Söngkonan Gwen Stefani leyfir sonum sínum að velja sjálfir í hvaða fót þeir fara í von um að það ýti undir sjálfstæða hugsun hjá þeim. Hún viðurkennir þó að útkoman geti stundum verið skrautleg.

„Ég vil að þeir hafi gaman af lífinu og séu skapandi í hugsun. Stundum er útkoman alveg hryllileg hjá þeim en oft koma þeir fram í frábærum heilkæðnaði,“ sagði Stefani um fataval Kingston og Zuma.

Stefani sendi nýverið frá sér barnafatalínu, Harajuku Mini, í samstarfi við verslunina Target.

**LYFJA** - Lífið heil

**+20% afsláttur af allri Corega línunni**

**Nýtt** Corega Neutral Taste

Frábær festa allan daginn, bragðlaus svo að þú njótir matarins án truflunar.

**Lægra verð í Lyfju**

Gildir til 15. júlí.

www.lyfja.is

**BÍÓ PARADÍS**

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**BERNIE** JACK BLACK MATTHEW MCCONAUGHEY SHIRLEY MACLAINE

**UNG**

**PRÍÐJUDAGUR:** BERNIE 17:50, 20:00, 22:10 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50, 22:10 ■ COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR 18:00 ■ COOL CUTS: JAR CITY 20:00 ■ COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC 22:00 ■ BLACK'S GAME 22:00 ■ ÚTSKRIFTARHÁTIÐ KVÍKMYNDASKÓLANS 15-22 (FRÍTT INN, ALLIR VELKOMNIR)

Út að borða og í bíó á Sumartíð og Ung! Sushisamba og Tapasbarinn.

**PRÍÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!**



# Vanhugsað og dauðhreinsað

Bíó ★★☆☆☆

## Rock of Ages

Leikstjóri: Adam Shankman

**Leikarar:** Diego Boneta, Julianne Hough, Russell Brand, Paul Giamatti, Catherine Zeta-Jones, Mary J. Blige, Malin Åkerman, Alec Baldwin, Tom Cruise

Kvikmyndin Rock of Ages er byggð á samnefndum Broadway-söngleik og segir frá lífi nokkurra starfsmanna „Bourbon Room“-næturklúbbsins í Hollywood árið 1987. Í

stað frumsaminnna laga styðst verk-ið við klassíska hármetslagara frá hljómsveitum á borð við Whites-nake, Twisted Sister og Extreme. Hugmyndin er ekki svo galin enda tónlist og tíðarandi þessa tímabils bæði kraftmikil og litrík, en framkvæmdina hefði mátt hugsa betur.

Þar sem sagan er í besta falli ófrumleg skiptir það afskaplega miklu máli að söngatriðin séu vel úr garði gerð. Það er jú það sem myndin snýst að mestu leyti um, gripandi rokmúsík sem eldri kynslóðin þekkir vel og þeir yngri gætu auðveldlega hrifist af. En því miður er frumkraftur roksins hlunnfar-



**VANHUGSUAÐ** Rock of Ages er misheppnuð mynd um litríka tíma.

inn algjörlega og í staðinn fáum við dauðhreinsað popp hjúpað þykku lagi af auto-tune. Illa farið með annars þrælgóð lög.

Af þessum sökum er erfiðara að líta fram hjá öllu hinu sem er misheppnað við Rock of Ages. Eins og klaufalegu dramatíkina við Hollywood-skiltið, pínlega kynlífisatriðið á biljarborðinu, þá staðreynd að aðalsöngkonan kann bara að syngja R&B, og að enginn syngi í hljóðnema þó hann sé staðsettur beint fyrir framan hann. Og af hverju er það fyndið að tvær karlpersónur ákveði að játa hvor öðrum ást sína? Er það vegna þess að þær syngja hallærislegt lag í kjölfarið eða vegna þess að fólki finnst tilhugsunin um tvo karlmenn að knúsast enn þá jafn

hlægileg og fyrir 50 árum?

Mig langar samt að hrósa leikmyndadeildinni fyrir sitt framlag því útlit myndarinnar er upp á tíu. Einnig eru þeir Tom Cruise og Paul Giamatti nokkuð skemmtilegir í sínum hlutverkum, en þá er það því miður upptalið sem Rock of Ages hefur fram að færa. Ef þið komist yfir upprunalegar útgáfur allra laganna úr myndinni getið þið samt búið til heljarinnar blandspólu fyrir bílinn.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** „I Love Rock ‘n’ Roll“ syngja þau um leið og þau svívirða rokkið. Synd og skömm.



**ANDLIT H&M** Lana Del Rey gæti verið nýtt andlit H&M. NORDICPHOTOS/GETTY

## Andlit H&M

Söngkonan Lana Del Rey gæti orðið næsta andlit tískurisans H&M ef marka má frétt Page Six. Sé fréttin rétt mun Del Ray feta í fótspor fyrirsæta á borð við Dariu Werbowy, Söshu Pivovarovu og Liyu Kebede.

Del Rey, sem heitir réttu nafni Elizabeth Woolridge Grant, skaust upp á stjörnuhimininn með smellinum Video Games í lok síðasta árs og hefur síðan þá verið í miklu upphaldi hjá hönnuðum og tískuhúsum á borð við Mulberry sem nefndi tösku eftir söngkonunni. Page Six segir H&M ætla að mynda auglýsinga-herferð með Del Ray í New York á næstunni.



**SPUNAMEISTARI** Jason Segel hefur gaman af því að spinna á tókustað. NORDICPHOTOS/GETTY

## Spann á tókustað

Leikarinn Jason Segel fer með annað aðalhlutverkanna í gamanmyndinni The Five Year Engagement ásamt því að skrifa handritið að myndinni. Hann segir hina fullkomnu trúlofun eiga ekki að vera lengri en ár.

„Það var mikið um spuna á tókustað og við þurftum að klippa mikið af frábæru efni úr lokaútgáfunni, annars hefði myndin orðið alltof löng,“ segir Segel og bætir við að honum hafi þótt stórskemmtilegt að leika á móti Emily Blunt sem fer með hlutverk unnustu hans í myndinni.

# Sumarjógúrt með krækiberjum

Kræktu þér í ljúffenga Sumarjógúrt frá MS með íslenskum krækiberjum. Tilvalin í útileguna, sumarbústaðinn eða lautarferðina.

ms.is



# ÆVINTÝRAHEIMUR Í REYKJAVÍK

25.6 - 1.7

1000 GLÆSILEGUSTU OG BESTU  
HESTAR LANDSINS

LANDSFRÆGIR SKEMMTIKRAFTAR  
KVÖLDVÖKUR OG GAMAN



BARNADAGSKRÁ  
SÖNGVAKEPPNI  
ANDLITSMÁLUN  
SKÁTALAND  
HOPPUKASTALAR  
KLIFURVEGGIR  
HJÓLALEIGA  
O.FL



GÆÐINGAKEPPNI  
KAPPREIÐAR  
KYNBÓTAHROSS



Miðasala á [landsmot.is](http://landsmot.is)

## Landsmót hestamanna Reykjavík 2012



Styrktaraðilar:



Síminn



BÍLALEIGA  
AKUREYRAR

Europcar

Iceland Express

samskip

Egils





KVIKMYNDIN SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM!

græna  
ljósið  
-betra bló



„Bætir, hressir og kætir.“

- Haukur Viðar Alfreðsson, Fréttablaðið



„Heillandi leikur og falleg saga.“

- Helgi Snær Sigurðsson, Morgunblaðið

BYGGÐ Á SANNRI SÖGU

François Cluzet Omar Sy

# Intouchables

Kvikmynd eftir Olivier Nakache og Eric Toledano

SÝND Í HÁSKÓLABÍÓI



„Sumarfríð mitt verður helgað hljóðfæraslætti, söng og samveru með mínu nánasta. Svo langar mig að bralla meira með syni mínum í garðinum og grilla fleiri pulsar á steinagrillinu sem við hlóðum um helgina.“

Ólöf Arnalds, tónlistarkona

## Stórskotalið í Málmhaus

Leikstjórinn Ragnar Bragason hefur fengið nokkra af bestu leikurum landsins til að fara með hlutverk í næstu mynd sinni, Málmhaus. Þau Ingvar E. Sigurðsson, Halldóra Geirharðsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Hannes Óli Ágústsson og Þórunn Arna Kristjánsdóttir hafa verið ráðin til myndarinnar. Aðalhlutverkið er hins vegar í höndunum á leikkonunni ungu, Þorbjörgu Helgu Dýrfjörð, sem útskrifaðist frá Listaháskólanum árið 2009.

Málmhaus fjallar um unga konu í uppveisn árið 1992 sem býr á litlu kúabúi úti á landi. Hún á sér hins vegar stóra drauma og þráir að verða þungarokksstjarna með tilheyrandi vandkvæðum í samskiptum við foreldra sína og samfélagið í sveitinni.

Áætlað er að tölur hefjist í lok þessa árs

en fyrirhuguð frumsýning á Málmhaus er haustið 2013. Davíð Óskar Ólafsson hjá Mystery, framleiðanda myndarinnar, segir fjármögnun ganga vel og þeir hafa fundið fyrir miklum áhuga erlendis á verkefninu. „Þetta gengur allt mjög vel og við erum bara að bíða eftir nokkrum svörum, svo getur verkefnið farið af stað.“

Ragnar Bragason hefur farið um víðan völl í leikstjórnunum og er kannski hvað þekktastur fyrir Vaktar-seríurnar og samvinnu sína með Vesturport-leikhópnum í myndunum Börn og Foreldrar. Síðasta mynd hans var Bjarnfredarson með borgarstjóranum Jóni Gnarr í aðalhlutverki. Líklegt þykir að myndin verði tekin upp á Suðurlandinu, nánar tiltekið á svæðinu milli Seljalandsfoss og Skógarfoss.

- áþ



MÁLMAUSAR Ingvar E. Sigurðsson og Halldóra Geirharðsdóttir eru meðal leikara í næstu mynd Ragnars Bragasonar, Málmhaus, en aðalhlutverkið er í höndunum leikkonunnar Þorbjargar Helgu Dýrfjörð.



ÚTSALA  
ÓTRÚLEG ÚTSALA – HVERGI BETRI AFSLÁTTUR  
ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR Á  
50% - 70%  
AFSLÆTTI  
KOMIÐ OG GERIÐ FRÁBÆR KAUP Femin Fashion

Femin Fashion | Bæjarhlíð 4 | 201 Kópavogur | Sími: 544-2222 | www.femin.is



ELSKAR HESTA Sigrún Lýðsdóttir hagnar flottar flíkur undir nafninu Eyelove Horses og eiga þær upp á pallborðið hjá öllum þeim sem elska hesta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nýtt hefti TMM  
komið út!



FERSK OG DJÚP UMRÆÐA  
FRÆÐI Á MANNAMÁLI  
SÖGUR OG LJÓÐ

MÁL OG MENNING

RITSTJÓRI: GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON  
www.forlagid.is – alvöru bókaútgáfa á netinu

SIGRÚN LÝÐSDÓTTIR: MIKIÐ AF HESTAÁHUGAFÓLKI Í HEIMINUM

## Fyrir þá sem elska hesta

Sigrún Lýðsdóttir hönnuður hefur skapað fata- og skartgripalínu undir heitinu Eyelove Horses. Líkt og nafnið gefur til kynna er íslenski hesturinn fyrirferðarmikill í hönnun hennar.

„Ég hef lengi gengið með hugmyndina í maganum en ákvað að kýla á þetta núna fyrir Landsmótið. Vörurnar eru bæði ætlaðar knöpum og svo bara þeim sem hrfast af hestum,“ útskýrir Sigrún sem stundaði nám í listviðburðahönnun í Englandi og starfar sjálfstætt sem hreyfimyndahönnuður. Flíkurnar eru allar úr lífrænni bómull og með svokallað-

an Fair Wear Foundation-stimpil sem þýðir að verkafólki er tryggt sanngjarnt verð fyrir vinnu sína og vöru.

Aðspurð segist Sigrún hafa fengið góð viðbrögð við hönnun sinni í gegnum Facebook og Twitter og er því bjartsýn með framhaldið. „Þetta er auðvitað glænýtt en viðbrögðin sem ég hef fengið hafa verið góð og ég vona að það haldi áfram. Mig langar að bæta við vöruúrvalið bráðlega og koma með lopapeysu, sjól og jafnvel buxur. Planið er að auka við línuna hægt og rólega og leyfa merkinu að vaxa í rólegheitunum,“ segir Sigrún og

útilokar ekki að hún muni fara með vörurnar út fyrir landsteinana í tengslum við erlend mót. „Ég á eftir að þæla betur í þessu, en það er mikið af hestahúgufólki í heiminum.“

Innt út í nafngiftina á merkinu segir hún mega rekja það til verkefnis sem hún vann fyrir nokkrum árum. „Nafnið Eyelove er komið frá verkefni sem ég vann árið 2007 og ég ákvað að halda áfram með það nafn og bæta bara Horses við.“

Hægt verður að kaupa vörurnar á Landsmótinu sem fram fer um helgina og á vefsíðunni www.eyelovehorses.com. sara@frettabladid.is

## Sendiherra Þýskalands orðinn „íslenskur“

„Við lærðum að segja Eyjafjallajökull,“ nefnir Hermann Sausen, sendiherra Þýskalands á Íslandi, sem fór nýverið á leiksýninguna How to become Icelandic in 60 minutes. Hann fékk í gær afhent viðurkenningarskjal fyrir að hafa lært fimmtán atriði sem þarf, samkvæmt sýningunni, til að kallast íslenskur.

Sýningin er gamanleikur fyrir útlendinga til að kynna íslensku þjóðinni og sjá muninn á milli innfæddra og ferðamanna. „Staðalímyndir eru notaðar. Til dæmis var sýnt hversu ólíkt Íslendingar og Þjóðverjar vísa til vegar. Þjóðverjar gefa vegalengdir upp í hárréttum metrum á meðan Íslendingar benda bara í einhverjar áttir,“ segir Hermann og bætir við að nokkur göngulög Íslendinga hafi verið sýnd. „Við lærðum svokallaða „bóndagöngu“, það er að ganga um misháa hóla, og að arka eins og ruddi.“

Hermann fékk hugmyndina að viðurkenningarskjalinu og viðraði hana við leikara sýningarinnar, Bjarna Hauk Þórsson. Hann vonar að áhorfendur fái framvegis slíkt skjal. „Ef allir ferðamenn fara á sýninguna og fá vottun gætu Íslendingar hæglega orðið 400 þúsund í sumar,“ segir Hermann sem hefur verið búsettur hérlendis síðustu tvö ár



VIÐURKENNING Hermann Sausen, sendiherra Þýskalands á Íslandi, tók við viðurkenningarskjali frá aðstandendum sýningarinnar How to become Icelandic in 60 minutes í gær.

og svarar aðspurður hvort hann kalli sig Íslending: „Kannski ekki alveg en ég elska Ísland og Íslendingar gera það líka svo því get ég kallast íslenskur.“

Gamanleikurinn er sýndur í Hörpu og hefur nú þegar verið sýndur tuttugu sinnum fyrir fullu húsi.

- hpt

www.dominos.is sími 58-12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S 1.000 KR.

Þegar þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum.



## PANTAÐU Á NETINU!

Á vefnum okkar, dominos.is, getur þú skoðað matseðilinn, pantað og fylgst með pizzunni frá pöntun til afhendingar!

GRÆÐI  
ALLA  
LEIÐ!



Kjúklingabaka: Léttbotn, græn paprika, minni sósa, minni ostur, laukur, kjúklingur og sveppir



### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Kann ekki á eigin posa

Í gær var samningur milli greiðslukortarísans Union Pay og Borgunar kynntur við formlega viðhöfn í Perlunni. Union Pay þjónustar um tvo milljarða korta svo um töluvert tækifæri er að ræða fyrir Borgun. Við tilefnið var korti forstjóra Union Pay, Xu Luode, rennt um posa Borgunar. **Haukur Oddsson**, forstjóri Borgunar, fékk þann heiður. Það varð hins vegar órlítið neyðarlegt þegar Haukur fékk ekki kortið til að virka. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir vildi posinn ekki lesa kortið. Xu Luode vildi hjálpa en fékk ekki. Það var ekki fyrr en posakunnugur starfsmaður



Borgunar stókk á svið og leiðbeindi Hauki. Hann átti eftir að stimpla inn hversu mikið hann ætlaði að rukka Xu. Óvíst er hversu há upphæðin var, en víst er að Haukur kann ekki á posa.

#### Vinsæll Kiss-klúbbur

Aðdáendur bandarísku rokkhljóm-sveitarinnar Kiss hafa tekið nýstofnuðu aðdáendaklúbbi sínum opnum örmum hér á landi. Meðlimum í klúbbum hefur fjölgað ört síðan Fréttablaðið greindi frá stofnun hans fyrir skömmu. Þá voru meðlimir Kiss-hersins um 170 talsins en eru núna orðnir yfir þrjú hundruð. Íslenskir Kiss-aðdáendur virðast því leynast í hverju horni hér á landi, þrátt fyrir að margir hafi ekki haft hátt um það þar til nú. - bph, fb



#### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Háhyrningar í selaveislu í Búðardal
- 2 Segist hafa ekið á sjöttu kílómetra hraða...
- 3 Dýrategundum heimsins fækkar um eina
- 4 Fundu Njörð tæplega þúsund dögum eftir að hann týndist
- 5 Neituðu að ræsa varðskipin - Kalla þurfti út dráttarbát

### FULLKOMINN FERÐAFÉLAGI!



# SUMMAR ÚTSALA

12 mánaða vaxtalausar greiðslur\*

## Gerðu gæða- og verðsamanburð

### 20-50% AFSLÁTTUR

Lök, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, gaflar, náttborð, teppasett og fleira.

### SVEFNSÓFAR

Hágæða svefnsófi. Íslensk framleiðsla. Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni. Svefnflötur 140x200. Nú aðeins kr. **329.900**

### NÝTT BOSS

HUGO BOSS home

### SAGA/FREYJA OG ÞÓR

Hágæða heilsudýnur

**SAGA/FREYJA** Queen rúm, nú aðeins **129.900**  
**ÞÓR** Queen rúm, nú aðeins **149.900**

### IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi

Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**

### VALHÖLL

Góð rúm á frábæru verði

Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**

### BOAS

Leður hægindasófi 3 sæta **179.900**  
Leður hægindastóll **89.900**  
Lyftu hægindastóll **159.900**

### ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA

**TERNABOX - ÚTSALA** 2x90x200  
**299.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

### GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla. Lök, hlífðardýnur, sængur, sængurver, handklæði og sloppar

Gerðu gæða- og verðsamanburð



\*3,5% lántökugjald